

Aðskilnaður ríkis og kirkju

Almenn umræða á „stuttri tuttugustu öld“

Fyrri grein

Með aðskilnaði

Í greinum sem birtust í tveimur síðustu heftum þessarar ritraðar var gerð grein fyrir almennum umræðum um aðskilnað ríkis og þjóðkirkju frá því þær hófust 1878 þar til stjórnarskrárbreytingar voru gerðar 1915.¹ Með þeim var komið til móts við helstu baráttumál þeirra sem einkum höfðu mælt fyrir aðskilnaði á undangengnum árum. Lutu þau annars vegar að þjóðkirkjuskipaninni sjálfri en hins vegar trúfrelsinu og fólust í að auðveldara yrði að breyta ákvæðum stjórnarskrárinnar um þjóðkirkjuna og að ekki mætti skylda utanþjóðkirkjufólk til að greiða persónuleg gjöld til hennar. Hér verður greint frá áframhaldi umræðunnar fram til 1994. Það ár samþykkti Alþingi á hátíðarfundi í tilefni af að fimmtíu ár voru liðin frá stofnun lýðveldis að ljúka skyldi endurskoðun á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar fyrir næstu reglulegu alþingiskosningar.² Var því starfi lokið sumarið 1995.³ Um sama leyti var hafinn undirbúningur að nýrri rammalöggjöf um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar. Hún var samþykkt 1997 og gekk í gildi 1. janúar 1998.⁴ Á þessum tíma tengist aðskilnaðarumræðan óhjákvæmilega öðrum málefnum með mun nánari hætti en þó hafði verið áður og þá einkum trúfrelsinu og sjálfstæði og sjálfsstjórn (e. *autonomy*) þjóðkirkjunnar. Þar með verða hvörf í umræðunni sem gera það að verkum að beita verður öðrum efnistöfum en eiga við á því áttatíu ára

¹ Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Fyrri grein“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 47/2018, bls. 44–71, [ojs.hi.is](https://ojs.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/2887/1632), sótt 28. mars 2019 af <https://ojs.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/2887/1632>.

Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Síðari grein“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 48/2019, bls. 25–60, [ojs.hi.is](https://ojs.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/2977/1728), sótt 8. október 2019 af <https://ojs.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/2977/1728>.

² *Alþingistíðindi 1993–1994*, 117. löggjafarþing, B, umræður 5, bls. 9818–8919. *Alþingistíðindi 1993–1994*, 117. löggjafarþing, B, þingskjöl 7, bls. 5222–5223, 5231.

³ Stjórnskipunarlög um breyting á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands [...] nr. 97/1995 (mannréttindaákvæði), *Stjórnartíðindi 1995 A-deild*, bls. 652–655, sótt 11. nóvember 2019 af <https://www.althingi.is/altext/119/s/0142.html>. Stjórnskipunarlög með breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands [...] nr. 100/1995 (endurskoðun ríkisreikninga, kjördagur), *Stjórnartíðindi 1995 A-deild*, bls. 658, sótt 11. nóvember 2019 af <https://www.althingi.is/altext/119/s/0143.html>.

⁴ Lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997, [althingi.is](https://www.althingi.is/lagas/nuna/1997078.html), sótt 29. apríl 2019 af <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1997078.html>. Upphaf lagasmíðinnar er að rekja til samþykktar kirkjuþings 1992 um að fela kirkjuráði að skipa nefnd til að gera úttekt á skipulagi íslensku þjóðkirkjunnar og sambandi hennar við ríkisvaldið og áfangaskýrslu nefndarinnar á kirkjuþingi 1993. *Gerðir Kirkjuþings* 1992, bls. 192–196. *Gerðir Kirkjuþings* 1993, bls. 137–153.

tímabili sem er til umfjöllunar í þessari grein og annarri sem fylgir í kjölfarið og verður þetta tímabil hér kallað „stutt tuttugasta öld“.

Umráðan um aðskilnað ríkis og kirkju hófst raunar þegar áður en þjóðkirkjuskipan komst á í landinu. Með stjórnarskránni um sérmál Íslendinga frá 1874 hafði grundvöllur vissulega verið lagður að þjóðkirkjuskipan í stað ríkisátrúnaðar fyrri alda. Þjóðkirkja komst þó ekki á fyrr en með löggjöf sem sett var einkum á níunda áratug 19. aldar og svo þróuð áfram fram yfir aldamótin 1900. Með henni komst hér á fyrirkomulag sem hefur verið nefnt „gamla íslenska þjóðkirkjuskipanin“.⁵ Aðskilnaðarumráðan á fyrsta skeiði hennar, eða til um 1915, einkenndist af því að hún var bæði lífleg og markviss. Ýmsir þræðir hennar voru spunnir í fjölda blaða og tímarita hér á landi og jafnvel vestanhafs uns fram komu mörkuð sjónarmið og baráttumál, auk þess sem afmörkuð „praktísk“ mál sem tengdust aðskilnaði voru rædd í þaula. Má þar nefna fjárhagslegan aðskilnað, einkum hvað verða ætti um fornar kirknaeignir, og verkaskiptingu ríkis og kirkju eftir aðskilnað.⁶ Var þar um mikilvægt mál að ræða, einkum framan af tímabilinu, eða til 1907, er málefni almenningsfræðslunnar voru greind frá kirkjumálunum.

Með stjórnarskránni 1874 voru tvö trúarpólitísk stefnumið eða kerfi sem ekki er alltaf auðvelt að samræma fest hér í sessi að danskri fyrirmynd: þjóðkirkja og trúfrelsi. Þegar þessi stefna var mörkuð um miðja 19. öld gætti tæpast mikillar spennu milli þessara markmiða. Þjóðkirkjufyrirkomulagið þótti boða mikla tilslökun og frelsi frá því er verið hafði um daga hins trúarlega skilgreinda ríkisvalds (e. *confessional state*). Hugmyndir fólks um trúfrelsi voru auk þess aðrar og takmarkaðri en nú á dögum.⁷ Fljótt tók þó að hrikta í þessu kerfi er skiptra skoðana tók að gæta um hvort mögulegt væri að tryggja kirkjunni nauðsynlegt sjálfstæði og sjálfræði (e. *autonomy*) innan þjóðkirkjuskipulagsins eins og það þróaðist hér, sem og hvort stjórnarskráin, sem setti þjóðkirkjuskipanina skör hærra en trúfrelsið, rúmaði trúfrelsi í raun eða hvort aðeins væri um „pappírshfrelsi“ að ræða án aðskilnaðar.⁸

Snemma í aðskilnaðarumráðunni komu fram tvær stefnur varðandi það hvernig þróa bæri áfram trúarpólitísku stefnumiðin tvö og hafa þær verið nefndar aðskilnaðarleið og löggjafarleið. Fylgjendur aðskilnaðarleiðarinnar litu svo á að þjóðkirkjan mundi tæpast rísa undir nafni nema hún væri sjálfstæð gagnvart ríkisvaldinu og því síður yrði trúfrelsi komið á meðan þjóðkirkjufyrirkomulag væri í landinu þar sem það fæli óhjákvæmilega í sér neikvæða mismunun í garð annarra trúfélaga. Mannréttindasjónarmið vógu þungt í málflutningi þeirra en þeir litu almennt svo á að trúmál væru einkamál fólks sem ríkið ætti ekki að hafa afskipti af. Þá lögðu þeir áherslu á ólík hlutverk ríkis og kirkju og álitu að ríkið þyrfti að vera trúarlega óháð og hlutlaust og kirkjan sjálfstæð til að þau gætu rækt hlutverk sín hvort um sig. Þeir sem fylgdu löggjafarleiðinni að málum gengu aftur á móti út frá að hlutverk ríkis

⁵ Hjalti Hugason, „Kirkjuskipan fyrir 21. öld — Fyrsta grein: Forsendur kirkjuskipanar fyrir íslensku þjóðkirkjuna“, *Ritrið Guðfræðistofnunar* 38/2014, bls. 32–51, hér 32–33, [ojs.hi.is](https://ojs.hi.is/ritroddgudfraedistofnunar/article/view/1352/pdf_4), sótt 28. mars 2019 af https://ojs.hi.is/ritroddgudfraedistofnunar/article/view/1352/pdf_4.

⁶ Almennt er talað um kirkjueignir í þessu sambandi. Höf. kýs þess í stað orðið kirknaeignir þar sem jarðeignirnar sem um var að ræða voru í eigu einstakra kirkna en ekki þjóðkirkjunnar sem slíkrar.

⁷ Á 19. öld snerist trúfrelsi við danskar og íslenskar aðstæður einkum um að tryggja trúfélögum utan evangelísk-lúthersku kirkjudeildarinnar féлага-, boðunar- og guðsþjónustufrelsi. Nú snýst það aftur á móti í ríkari mæli um að tryggja einstaklingum óskorað trúfrelsi, þar á meðal frelsi til að skipta um trú, standa utan allra trúfélaga og vera frjáls undan öllum trúarlegum kvöðum og áreitum.

⁸ Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umráðu 1878–1915 — Fyrri grein“, bls. 55.

og kirkju yrðu ekki að öllu leyti sundur skilin þar sem báðar stofnanirnar stefndu að velferð þegnanna. Af þeim sökum töldu þeir best fara á að þær væru tengdar og styddu hvor aðra. Afstaða þeirra mótaðist einkum af sjónarmiðum sem líta má á sem trúarleg og/eða guðfræðileg. Þeir töldu að þróa mætti þjóðkirkjuna og trúfrelsið, sem og koma á heppilegu jafnvægi milli þeirra með ýmsum sérlögum um kirkjumál, auk laga um utanþjóðkirkjufólk.

Löggjafarleiðin festist hér í sessi með störfum millipinganeftndar um kirkjumál og í kjölfarið endurskoðun á lögum á umræddum sviðum á fyrsta áratug 20. aldar. Hefur henni verið fylgt allt til þessa.⁹ Til að koma þó til móts við sjónarmið þeirra sem fylgdu aðskilnaðarleiðinni voru gerðar þær stjórnarskrárbreytingar 1915 að orðunum „Breyta má þessu með lögum“ var aukið aftan við þjóðkirkjuákvæðið í þáverandi 45. gr. (núv. 62. gr.).¹⁰ Átti það að auðvelda róttækari breytingar á ákvæðinu síðar enda þurfti um skeið ekki að bera slíka lagabreytingu undir þjóðaratkvæðagreiðslu eins og nú er. Jafnframt var viðamikil breyting gerð á þeirri stjórnarskrárgrein sem ætlað var að koma í veg fyrir mismunun af trúarlegum ástæðum (upprunal. 47. gr., núv. 64. gr.). Í upprunalegri mynd var greinin þannig:

Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum rjettindum fyrir sakir trúarbragða sinna, nje heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri fjelagsskyldu.¹¹

Við stjórnarskrárbreytingarnar 1915 var þremur málsgreinum bætt við greinina:

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarrar guðsdýrkunar en þeirrar, er hann sjálfur aðhyllist.

Nú er maður utan þjóðkirkjunnar, og geldur hann þá til Háskóla Íslands, eða einhvers styrktarsjóðs við þann skóla, eftir því sem á verður kveðið gjöld, þau er honum hefði ella borið að greiða til þjóðkirkjunnar, enda heyrir hann ekki til öðrum trúarbragðaflokki, er viðurkenndur sje í landinu.

Breyta má þessu með lögum.¹²

Þar með var í fyrsta sinn kveðið á um það í íslenskri löggjöf að heimilt væri að standa utan allra trúfélaga þótt með óbeinum hætti væri. Jafnframt var öllu utanþjóðkirkjufólki tryggt gjaldfrelsi gagnvart henni. Ekki skyldu menn þó hafa fjárhagslegan ávinning af því að nýta nýfengið frelsi sitt til að hafna allri trúfélagaaðild eins og ákvæðið um gjald til Háskóla Íslands sýndi.¹³

Mikil straumhvörf urðu í aðskilnaðarumræðunni með stjórnarskrárbreytingunni. Mikinn kraft dró úr henni. Hún eða einstakir þræðir hennar spunnust ekki lengur í meiri eða minni samfellu í margvíslegum miðlum heldur skaut henni oftast upp í einstökum greinum eða fréttum og var hún því ekki eins markviss og áður. Oft leið

⁹ Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Fyrri grein“, bls. 63–70. Löggjafarleiðin var áfram lögð til grundvallar við setningu núgildandi þjóðkirkjulaga (nr. 78/1997) eins og fram kemur í athugasemdum við frumvarpið en þar segir að við samningu þess hafi verið haft að leidarljósi að byggt yrði til frambúðar á „núverandi þjóðkirkjufyrirkomulagi“ og eigi rofið það samband milli ríkis og kirkju sem stjórnarskráin kveður á um. Aftur á móti var stefnt að auknu sjálfstæði kirkjunnar. Frumvarp til laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar: Athugasemdir við lagafrumvarp þetta, *althingi.is*, sótt 29. apríl 2019 af <https://www.althingi.is/altext/121/s/0557.html>.

¹⁰ Stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands uppfærð með öllum breytingum til og með 1915, *stjornarradid.is*, sótt 29. mars 2019 af https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/stjornarskra/1915_svo_breytt.pdf.

¹¹ Stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands. Nr. 1, 5. janúar 1874, *stjornarradid.is*, sótt 29. mars 2019 af https://www.stjornarradid.is/media/forsaetisraduneyti-media/media/stjornarskra/1874_stjornarskra.pdf.

¹² Stjórnarskrá um hin sjerstaklegu málefni Íslands uppfærð ... til og með 1915.

¹³ Hjalti Hugason, „Þjóðkirkja og trúfrelsi: Saga og þróun trúmálabálks stjórnarskrárinnar 1874–1995“, *Glíman* 2011, bls. 157–193, hér 170–176. Hjalti Hugason, „Þjóðkirkja og trúfrelsi: Inntak og merking trúmálabálks stjórnarskrárinnar ásamt breytingatillögum“, *Ritið: Tímarit Hugvísindastofnunar* 2/2011, bls. 151–181, hér 166–174.

langt milli skrifa um málefnið. Til dæmis virðist því vart hafa verið hreyft allan tímann sem síðari heimsstyrjöldin stóð yfir og einnig má finna löng þagnartímabil á friðartímum. Afstaðan til aðskilnaðar var ýmist jákvæð eða neikvæð og hún studd ólíkum rökum og á mistraustan hátt. Vissulega var stundum vikið að afmörkuðum úrlausnarefnum sem tengdust aðskilnaði þótt sjaldnast væru þau rædd til hlítar ólíkt því sem verið hafði fyrir 1915. Breytingin sem varð á framvindu umræðunnar bendir því til að með áður nefndum stjórnarskrárbreytingum hafi til að byrja með verið komið nægilega til móts við sjónarmið þeirra sem aðhylltust aðskilnaðarleiðina eins og þau voru á öðrum áratug 20. aldar. Til marks um það má nefna að Lárus H. Bjarnason (1866–1934) lagaprófessor og síðar hæstaréttardómari lét svo um mælt 1917 í tengslum umfjöllun um laun og eftirlaun embættismanna annarra en presta að nú „[...] lægi við borð [...]“, þ.e. að litlu munaði, að aðskilnaður ríkis og kirkju væri kominn á¹⁴ en hann hafði fram að þessu beitt sér fyrir aðskilnaði.¹⁵ Þrátt fyrir þetta gætti stundum töluverðrar óþolinmæði í umræðunni og sumir töldu aðskilnað ekki þola langa bið. Flestir sem tjáðu sig í umræðunni tóku samt fram að málið þyrfti vandaðs undirbúnings við og að lokatakmarki yrði ekki náð í einni svipan. Þetta stef verður sjaldnast tíundað hér á eftir nema sérstök ástæða þyki til.

Aðskilnaðarmálinu var þó ekki rutt úr vegi með stjórnarskrárbreytingunum. Þegar á þing- og héraðsmála fundi í Vestur-Ísafjarðarsýslu í febrúar 1917 var borin fram tillaga um að skorað yrði á Alþingi að það undirbyggi aðskilnað ríkis og kirkju m.a. með þjóðaratkvæðagreiðslu en tillögur í þá veru höfðu verið svo til fastur liður á slíkum fundum árin fyrir 1915 og átt miklu fylgi að fagna. Tillagan var nú felld með miklum meirihluta atkvæða.¹⁶ Þá hurfu tillögur þessar að mestu af dagskrá slíkra funda.

Til að varpa ljósi á hvaða augum menn litu umræðuna á rannsóknartímabilinu sjálfu má benda á að Helgi Sæmundsson (1920–2004) blaðamaður og gagnrýnandi leit svo á í byrjun sjöunda áratugarins að aðskilnaður ríkis og kirkju, sem hann var hlynntur, væri „[...] naumast dagskrármál líðandi stundar, en eigi að síður gamalt deiluefni“.¹⁷ Rúmum áratug síðar kvað Sigurbjörn Einarsson (1911–2008) biskup, sem var á móti aðskilnaði, málið ekki hafa verið rætt „[...] að marki síðan um aldamótin síðustu.“¹⁸ Má það til sanns vegar færa ef litið er svo á að umræðan sem stóð fram að stjórnarskrárbreytingunum 1915 hafi verið hluti af umræðu sem tengja má við aldamótin 1900. Það er einmitt gert í þessari rannsókn eins og afmörkun rannsóknartímabilsins sýnir.

Hvort sem aðskilnaðarmálið var dagskrármál eða ekki gat það þó skotið upp kollinum í óvæntasta samhengi. Í byrjun áttunda áratugarins birtust t.a.m. um skeið um helgar í *Morgunblaðinu* teikningar Jóns Helgasonar (1866–1942) biskups af kirkjum landsins með stuttri kynningu. Í lok maí 1970 kom röðin að Fitjakirkju í

¹⁴ Lárus H. Bjarnason, „Um launa- og eftirlaunatillögur launanevndarinnar: Fyrirlestur haldinn í Stúdentafélaginu 20. nóvember 1916“, *Skírnir* 1/1917, bls. 1–28, hér 2–3.

¹⁵ Þegar í millþinganevnd, sem samdi ýmis lagafrumvörp um kirkjumál sem samþykkt voru 1907, aðhylltist L.B. aðskilnað en var í því efni í minnihluta, sjá og Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Síðari grein“, bls. 43–49.

¹⁶ „Þingmálafundargerð“, *Landið* 29/1917, bls. 115.

¹⁷ Helgi Sæmundsson, „Niðursetningur á ríkisheimilinu“, *Vikan*, 16/1961, bls. 18–19, 30.

¹⁸ ÞJM, „Kirkjan hér sjálfstæðari en á hinum Norðurlöndunum“ — segir biskup í tilefni af væntanlegum aðskilnaði ríkis og kirkju í Svíþjóð“, *Vísir* 14. mars 1972, bls. 3.

Skorradal. Í myndatexta segir að merkilegur silfurkaleikur úr þessari kirkju sé varðveittur í Þjóðminjasafninu og í lokin bætt við: „Ef aðskilnaður verður ríkis og kirkju á Íslandi, kallar þessi fátæklega kirkja eftir dýrum grip.“¹⁹ Af dæmum sem þessum má álykta að á tímabilinu sem hér er fjallað um hafi aðskilnaðarmálið verið undirliggjandi óútkljáð ágreiningsefni meðal einhvers hluta þjóðarinnar líkt og raun er á enn þann dag í dag án þess að það væri rætt af mikilli festu. Þó voru tvenn formleg samtök, Siðmennt og Samtök um aðskilnað ríki og kirkju (SARK), stofnuð til að vinna að framgangi málsins (sjá síðar).

Í fyrri greinunum sem vísað var til hér frammar var gerð grein fyrir aðskilnaðarumræðunni eins og hún spannst einkum í landsmálablöðum hér á landi, auk þess sem tekið var tillit til skrifa í kirkju- og/eða trúarlegum málgögnum, sem og íslenskum blöðum í Vesturheimi eftir því sem nauðsyn krafði. Á tímabilinu sem þar er til umfjöllunar kvað mest að *Frækornum*, sem gefin voru út af adventistum, og *Bjarma*, sem gefinn var út af ýmsum aðilum innan kristniboðshreyfingar leikmanna. Útgáfu *Frækorna* var hætt 1913. Á því tímabili sem hér um ræðir var *Bjarmi* því eina trúarlega tímaritið þar sem ítrekað var látin í ljós afstaða til aðskilnaðar þótt vissulega gætti einnig trúarlegrar, guðfræðilegrar og kirkjulegrar röksemdafærslu hjá ýmsum sem þátt tóku í umræðunni þótt á veraldlegum vettvangi væri. Á hinn bóginn koma vestur-íslensk blöð lítt við sögu þegar komið er fram um miðjan annan áratug liðinnar aldar.

Í þessari grein, líkt og í hinum fyrri, verður grafist fyrir um hvaða stefnumál birtust í umræðunni, hvaða rökum var beitt fyrir aðskilnaði eða á móti honum og eftir því sem tók eru á hvaða einstök málefni menn töldu að hafa þyrfti í huga við framkvæmd aðskilnaðar. Hér er því einkum um kirkju- og hugmyndasögulega greiningu að ræða.

Í meginatriðum verða þau efnistökin viðhöfð að í þessari grein verður fjallað um sjónarmið þeirra sem voru fylgjandi aðskilnaði en í síðari grein, sem væntanlega mun birtast í næsta hefti þessarar ritraðar, verður fjallað um sjónarmið sem færð voru gegn honum. Frá þessari meginskiptingu verður þó vikið í einstökum tilvikum t.d. þegar betur þykir fara á að taka upp andstað sjónarmið samtímis og er það einkum gert samhengisins vegna. Innan hvorrar greinar verður umfjöllun með aðskilnaði eða á móti honum síðan flokkuð m.t.t. þeirrar röksemdafærslu sem höfð var í frammi hverju sinni. Efnistökin verða þannig þematísk frekar en krónólógísk.

Við heimildaöflun er að mestu leyti byggt á vefnum *timarit.is* en þar er að finna langflest þau blöð og tímarit sem gefin voru út á tímabilinu og fengu verulega dreifingu. Beitt var ýmsum leitarorðum þar sem „aðskilnaður“ í öllum beygingarmyndum var í brennipunkti. Fjallað er um langflesta staðina sem upp komu við þá leit. Örfáir voru þó sniðgengnir þar sem þeir tengdust aðskilnaðarumræðunni aðeins óbeint eða höfðu að mati höfundar ekki að geyma neitt efnislegt inntak sem að henni laut. Ein af afleiðingum þessarar aðferðar er að í greininni er jöfnum höndum unnið með höfundargreint efni og nafnlaust, ítarlegar greinar og stutt lesendabréf. Þá er ljóst að efnið sem hér er byggt á hefur hlotið mismikla dreifingu og lestur eftir því hvort það birtist í landsmálablaði sem hafði áhrif á landsvísu eða tímariti sem barst aðeins fáum áskrifendum. Þá hafa skrif þjóðþekktra manna væntanlega vakið

¹⁹ „Kirkjumyndir Jóns biskups“, *Morgunblaðið* 24. maí 1970, bls. 6.

meiri athygli en ónafngreind skrif eða greinar eftir minna þekktu höfunda. Þetta kemur þó ekki að sök þar sem markmið greinanna tveggja felst ekki í að mæla áhrif einstakra greina eða fylgi fólks við mismunandi sjónarmið eða röksemdafærslu með eða á móti aðskilnaði heldur að grafast fyrir um breidd umræðunnar og þær fjölbreyttu skoðanir sem þar komu fram.

Aðskilnaður ríkis og kirkju er viðfangsefni og/eða deilumál sem enn er óútkljáð þótt umræðan um það hafi nú staðið í upp undir 150 ár. Málið kom t.a.m. til kasta Alþingis 2018–2019 er dómismálaráðherra lagði fram skýrslu um stöðu þjóðkirkjunnar og tengsl hennar við ríkisvaldið umfram önnur trú- og lífsskoðunarfélög samkvæmt beiðni tíu þingmanna úr fimm stjórnmalaflokkum bæði úr röðum stjórnarliða og stjórnarandstæðinga.²⁰ Í framhaldinu lögðu svo margir sömu þingmenn fram þingsályktunartillögu um fullan aðskilnað á yfirstandandi þingi.²¹ Höfundur þessarar greinar hefur þrúfaldlega tjáð sig í ræðu og riti um málefnið og þá ekki síst um nauðsynlegan viðbúnað — ekki síst þjóðkirkjunnar — undir breytingar á núverandi tengslum ríkis og kirkju hugsanlega í náninni framtíð. Þar hefur almennt verið gengið út frá þeirri sannfæringu að núverandi þjóðkirkjufyrirkomulag sé sögulega háð fyrirbæri sem hljóti að taka breytingum og þá í átt til æ veikari tengsla ríkis og kirkju. Á hinn bóginn hefur þar ekki verið mælt með því að unnið skuli að aðskilnaði í náninni framtíð né heldur spornað við honum. Afstöðu af þessu tagi má kenna við sögulega afstæðishyggju og kann hún að koma fram í greininni.

Eftir því sem rannsókninni hefur undið fram hefur komið í ljós að kirkju-skilningur þeirra sem þátt tóku í umræðunni á „stuttu tuttugustu öldinni“ var með ýmsu móti. Sumir litu á hana sem trúfélag, aðrir sem (ríkis-)stofnun og enn aðrir „þjóðstofnun“, þ.e. menningar- og samfélagsstofnun sem verið hafi samofin þjóðlífinu um aldir. Hugmyndir þeirra voru þó í fæstum tilvikum það guðfræðilega útfærðar að það kalli á sérstaka umræðu um þjóðkirkjuhugtakið eða kirkjuguðfræði (e. *ecclesiology*) almennt. Slík umfjöllun er á hinn bóginn mikilvæg í allri fræðilegri umræðu um aðskilnað ríkis og kirkju sem slíkan. Hann er þó ekki til umfjöllunar hér heldur aðeins sú orðræða sem átt sér stað um hann á rannsóknartímanum.

Í greininni er á stöku stað vikið að mannfjölda í þjóðkirkjunni sem hlutfalli af landsmönnum. Hér skal þess aðeins getið að um aldamótin 1900 tilheyrðu rúmlega 99 af hundraði þjóðkirkjunni. 1930 var sú tala komin niður í tæplega 91 af hundraði. 1985 var hún rúm 93 af hundraði en aftur rúmlega 91 af hundraði við lok tímabilsins.²² Tölur sem hafðar eru eftir eintökum þátttakendum í aðskilnaðarumræðunni verða ekki sannreyndar umfram þetta né heldur byggt á þeim þótt þær séu nefndar samhengis vegna. Á sama hátt er vikið að tölulegum upplýsingum um fylgi við aðskilnað samkvæmt skoðanakönnunum. Með hjálp starfsmanna Gallups á Íslandi, sem hér með er þökkud, er aðeins mögulegt að greina þróun í þessu efni aftur til ársins 1993 en um það bil lýkur tímabilinu sem hér er kallað „stutt tuttugasta

²⁰ Skýrsla dómismálaráðherra um stöðu þjóðkirkjunnar og tengsl hennar við ríkisvaldið umfram önnur trú- og lífsskoðunarfélög, *althingi.is*, sótt 7. október 2019 af <https://www.althingi.is/altxt/149/s/0311.html>. Sjá og Beiðni um skýrslu frá dómismálaráðherra um stöðu þjóðkirkjunnar og tengsl hennar við ríkisvaldið umfram önnur trú- og lífsskoðunarfélög, *althingi.is*, sótt 7. október 2019 af <https://www.althingi.is/altxt/149/s/0311.html>.

²¹ Þingsályktunartillaga: Fullur aðskilnaður ríkis og kirkju og ný heildarlöggjöf um starfsemi trú- og lífsskoðunafélaga, *althingi.is*, sótt 8. október 2019 af <https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efur-thingum/ferill/?ltg=150&mnr=128>.

²² *Tölfræðihandbók 1984*, Hagskýrslur Íslands II, 82, 1984, bls. 29. *Landsbagir 1996*, Hagskýrslur Íslands III, 39, 1996, bls. 41.

öld²³. Þegar aðeins er tekið tillit til þeirra sem afstöðu tóku það ár voru 56 af hundr-
aði hlynnt aðskilnaði.²³ Loks eru nefndar upphæðir sem einstakir þátttakendur í
umræðunni töldu að landssjóður og síðar ríkissjóður legði þjóðkirkjunni til. Hér er
aðeins litið á þær sem álit þeirra sem létu ummælin falla en ekki endilega rauntölur.
Ber að taka þær með þeim fyrirvara.

Þrátt fyrir útvíkkun trúfrelsisins, sem og þá tilslökun sem gerð hafði verið hvað
þjóðkirkjuákvæði stjórnarskrárinnar áhrærði, töldu ýmsir eftir sem áður að ekki væri
nóg að gert og að löggjafarleiðin væri ófullnægjandi til að hrinda í framvæmd trúar-
pólítískum stefnumiðum stjórnarskrárinnar um trúfrelsi og þjóðkirkju. Aðskilna-
aðarmálinu var því áfram haldið á lofti.²⁴ Fleiri ástæður komu enda til álita í því efni
en þau mannréttindasjónarmið sem lágu til grundvallar stjórnarskrárbreytingunum
1915.

Á öndverðu tímabilinu sem hér er fjallað um voru t.a.m. sumir þeirrar skoðunar
að klofningur um grundvallaratriði trúarinnar væri orðinn svo mikill í þjóðkirkjunni
að ekki væri mögulegt að fulltrúar bæði hefðbundinnar og nútímalegrar trúartúlk-
unar ættu þar heima hlið við hlið eða að þeir síðarnefndu ættu heima í evangelískri-
lútherskri kirkju. Í lok tímabilsins komu svo aftur fram kirkjuleg rök fyrir aðskilnaði
og þá fremur vegna þess að kirkjan mundi eflast í starfi sínu með aðskilnaði. Ný
mannréttindarök komu líka til álita, þ.e. að þrátt fyrir gjaldfrelsi utanþjóðkirkjufólks
gagnvart henni gætti eigi að síður trúarlegrar mismununar í landinu sem koma þyrfti
í veg fyrir með aðskilnaði. Ýmsir mæltu og fyrir aðskilnaði af hreinum fjárhags-
ástæðum og þá einkum þeim að spara mætti ríkinu óþörf útgjöld til kirkjumála.
Sumir þeirra sem mæltu fyrir aðskilnaði vegna mannréttindasjónarmiða eða af fjár-
hagslegum ástæðum létu jafnframt í ljós gagnrýni á kirkjuna og/eða trúarbrögð
almennt. Það var þó langt í frá algilt.

Með aðskilnaði vegna klofnings í kirkjunni

Á fyrsta skeiði aðskilnaðarumræðunnar, þ.e. fyrir 1915, höfðu sjónarmið sem kalla
má trúarleg komið fram í ýmsum myndum. Þau lágu m.a. til grundvallar löggjafar-
leiðinni til útfærslu á ríkjandi stefnu í trúarbragðarétti en hún fól, eins og frammar
getur, í að þróa bæri áfram bæði þjóðkirkjuna og trúfrelsið með sérlögum en án
aðskilnaðar. Hrein trúarleg rök voru þó einnig færð fram með aðskilnaði. Kvað þar
mest að skrifum í tímaritunum *Bjarma* og *Frakornum*. Útgefendur *Frakorna* voru frá
upphafi hlynnt aðskilnaði. Ritstjórn *Bjarma* barðist á hinn bóginn gegn aðskilnaði
til 1910 en sneri þá við blaðinu vegna andstöðu sinnar við frjálsslynda guðfræði sem
tekin var að ryðja sér verulega til rúms í þjóðkirkjunni.²⁵

Þegar árið eftir hinar áhrifaríku stjórnarskrárbreytingar (1916) lýsti höfundur er
nefndi sig Ursus breyttum víglínum í aðskilnaðarmálinu í grein í *Austra* á Seyðisfirði.
Virtist honum sem róttækur frjálsslyndur armur þjóðkirkjunnar, er hann nefndi

²³ „Meirihluti vill aðskilnað ríki og kirkju“, *Þjóðarpúls Gallup* 10/2005, [án bls.-tals]. Á tímabilinu sem liðið er síðan
komst hlutfallið hæst í 61% (2010) en lægst í 45% (2007). Það var 54% 2018. Það ár mældist traust til þjóðkirkjunnar
aftur á móti 33%. „Málefni þjóðkirkjunnar“, *Þjóðarpúls Gallup*, 23. október 2018, *gallup.is.*, sótt 6. desember 2019 af
<https://www.gallup.is/frettir/traust-til-thjodkirkjunnar-laekkar/>.

²⁴ Frá 1915 til 1920 var heimilt að breyta þjóðkirkjuákvæðinu með lögum án þjóðaratkvæðagreiðslu. Hjalti Hugasona,
„Þjóðkirkja og trúfrelsi: Saga og þróun trúmálabálks stjórnarskrárinnar 1874–1995“, bls. 170–171, 177.

²⁵ Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Síðari grein“, bls. 38.

raunar únitara, hefði um skeið verið helsti formælandi fríkirkjuhugmyndarinnar. Nú væru það á hinn bóginn „Lútherstrúarmenn“, og þar á meðal margir prestar, sem mæltu með aðskilnaði. Ursus skipaði sér í þennan hóp og taldi aðskilnað vera „[...] öflugasta meðalið til að vekja trúaráhuga [...]“ í landinu.²⁶ Svipuð þróun var þá uppi á teningnum í Danmörku en í *Bjarma* sagði á þessu méli (1917) að landssamtök sem stofnuð höfðu verið gegn „tilslökunarstefnunni“ þar í landi hefðu gert aðskilnað að stefnumiði sínu ef ekki væri mögulegt að tryggja dönsku þjóðkirkjunni viðunandi sjálfstæði og þá til að bregðast til varnar gegn frjálslýndinu.²⁷

Eitt af þeim málum sem ollu spennu í Danmörku um þessar mundir voru deilur um prestinn Niels Peter Arboe Rasmussen (1866–1944), sem aðhylltist frjálslýnda guðfræði, og málaferli gegn honum. Kom mál hans jafnvel til kasta hæstaréttar. Hér heima túlkaði Jón Helgason, þá guðfræðiprófessor, niðurstöðuna í máli Rasmussens svo að frjálslýnda guðfræðin væri eftirleiðis jafnrétthá játningarbundinni lútherskri boðun í þjóðkirkjunni bæði í Danmörku og hér á landi.²⁸ Sigurður Stefánsson (1854–1924) prestur og alþingismaður í Vigur snerist til harðrar varnar gegn þessari túlkun Jóns í grein er hann nefndi „Rúmgóða þjóðkirkjan“ og birtist í *Lögrettu* undir ritstjórn Þorsteins Gíslasonar (1867–1938). Þar undraðist Sigurður m.a. að prestar er fylgdu frjálslýndu guðfræðinni að málum hefðu samvisku til að þjóna í kirkju sem bæri að starfa á grundvelli evangelísk-lútherskra játninga eins og raun væri á um þjóðkirkjuna. Áleit hann sambúð frjálslýndrar og hefðbundinnar guðfræði vera síst til eflingar kristindóminum í landinu. Áleit hann skilnað ríkis og kirkju ákjósanlega leið út úr þeim vanda sem allir gætu við unað og ætti einkum að vera frjálslýndum guðfræðingum fagnaðarefni. Í fríkirkju yrðu þeir lausir við öll ríkisafskipti af trúarskoðunum sínum og auk þess frír undan öllum kennisetningum og játningarritum. Áleit Sigurður að kristindómurinn mundi áreiðanlega vinna meira á meðal þjóðarinnar en hann tapaði við aðskilnað enda væri þjóðkirkjan að verða að lifandi líki í höndum „[...] kirkjustjórnar og klerkdóms ríkisins.“²⁹

Eigendaskipti urðu á *Bjarma* 1916 er Sigurbjörn Á. Gíslason (1876–1969), sem m.a. var fyrsti formaður Sambands íslenskra kristniboðsfélaga, tók við blaðinu af Kristilegu blaða- og bókafélagi sem gefið hafði það út til þessa. Sigurbjörn boðaði að blaðið mundi eftirleiðis þræða einstigið milli „frjálslýnda“ fólksins“, sem vildi að kirkjan hagaði seglum eftir vindi, og „dauðs rjetttrúnaðar“, sem játaði að sönnu allar kenningar lútherskrar kirkju en væri skeytingarlítill um allt safnaðarlíf.³⁰

Í fyrsta tölublaði nýja útgefandans brá hann á það nýstárlega ráð að beina fimm spurningum til lesenda. Þrjár fjölluðu um blaðið sjálft og efni þess en tvær þær síðari lutu að almennari atriðum, nefnilega afstöðu lesenda til kverkennslu barnakennara og aðskilnaði ríkis og kirkju.³¹ Líklega var þetta fyrsta „skoðanakönnunin“

²⁶ Greinarhöfundur leit annars svo á að prestsmenntunin í landinu væri komin í hendur únitara og spíritista og að ráða þyrft einn „lútherskan“ prófessor til að gera þeim „trúarbrögðum“ jafn hátt undir höfði og hinum. Ursus, „Verkefni næstu þinga“, *Austri* 9. september 1916, bls. 97–99, hér 98.

²⁷ „Frá Danmörku“, *Bjarmi* 9–10/1917, bls. 72–73, hér 73.

²⁸ Hjalti Hugason, „Frjálslýnda guðfræðin á Íslandi og málið gegn Niels Peter Arboe Rasmussen“, *Ritvöð Guðfræðistofnunar* 36/2013, bls. 93–117, hér 96–100, 114.

²⁹ Sigurður Stefánsson, „Rúmgóða þjóðkirkjan“, *Lögretta* 37/1916, bls. 135–136. Sjá og *Alþingistíðindi* C 1919, d. 578–582, 609–613. Gísli Sveinsson (1880–1959) var sammála S.S. um að kenningarfrælsi gæti ekki viðgengist innan evanelísk-lútherskrar þjóðkirkju. Sama rit, d. 626.

³⁰ Sigurbjörn Ástvaldur Gíslason, „Á vegamótum“, *Bjarmi* 7/1916, bls. 49–51, hér 49, 50.

³¹ „Spurningar til kaupanda Bjarma“, *Bjarmi* 7/1916, bls. 56.

sem gerð var um það efni. Nokkrum tölublöðum síðar kom fram að ýmsir hefðu brugðist við. Eini presturinn sem þá hafði látið til sín heyra undirritaði svar sitt með J.N. Jóhannsson. Er þar að öllum líkindum um Jón Norðfjörð Jóhannessen (1878–1958) að ræða sem þá þjónaði Staðarstað á Snæfellsnesi. Hann mælti af nokkurri reynslu þar sem hann hafði kynnst fríkirkjustarfi í Vesturheimi (1899–1900). Kvaðst hann hafa verið andvígur aðskilnaði en teldi nú að fríkirkjufyrirkomulag kynni að vera æskilegra en þjóðkirkjuskipan þar sem „prestaskólinn“, þ.e. guðfræðideild Háskólans, væri nú orðinn vermireitur „[...] theosofíu, andatrúar og nýguðfræði o.s.frv. [...]“ en evangelísk-lúthersk kenning væri orðin algjörlega brottræk þaðan.³² Í svipaðan streng tók lesandi sem sýnilega var leikmaður og kvaðst telja tíma kominn á aðskilnað ef þjóðkirkjan gæti ekki haldið „[...] grundvallaratriðum sínum óskertum í sambandi við ríkið.“³³ Samræmdust þessi sjónarmið skoðunum ritstjórans.

Nokkrum árum síðar (1920) birtist í *Bjarma* grein eftir leikmann sem kallaði sig „J.P.“ Hann kvaðst fram undir þetta hafa verið aðskilnaði mótfallinn þar eð hann hefði talið að þjóðin væri ekki það trúrækin að treysta mætti að hún væri fús til að leggja nægilega mikið af mörkum til að halda mætti uppi viðunandi prestsþjónustu í landinu. Nú kvaðst hann kominn á aðra skoðun einkum sökum þess að hann teldi að trúarlífið gæti varla orðið daufara en orðið væri í sumum prestaköllum. Það áleit hann aftur á móti stafa af kenningu prestanna en hann var þeirrar skoðunar að prestar sem predikuðu andstætt hefðbundinni lútherskri kenningu drægju úr kirkjulegum áhuga og messusókn þar sem margir „aldraðir menn“ mundu fremur halda uppi hefðbundinni guðrækni heima fyrir, þ.e. húslestrum samkvæmt eldri guðs-orðabókum, en sækja guðsþjónustur hjá slíkum prestum. Því kvað hann það undir prestum komið hvort til aðskilnaðar kæmi eða ekki.³⁴ Hér reifaði hann sjónarmið sem á fyrsta tímabili aðskilnaðarumræðunnar var nefnt „prestamálið“ og gekk út á að deyfð og áhugaleysi í kirkjumálum væri einkum prestastéttinni sjálfri að kenna. Í þessari nýju mynd var það þó tengt kenningu prestanna í ríkari mæli en áður þegar það var frekar notað til að lýsa messuföllum og öðru því sem þótti sýna takmarkaðan áhuga presta í starfi.³⁵

„Prestamálinu“ brá þó líka fyrir í upprunalegri mynd á því tímabili sem hér um ræðir. Ritstjóri *Bjarma* skýrði t.d. frá að áhrifaríkur alþingismaður hefði komið að máli við hann og spurt hvort hann væri ekki tilbúinn að styðja þá hugmynd að hlutast yrði til um það á Alþingi að prestum yrði fækkað verulega þannig að þeir yrðu álíka margir og lækna gegn því að aðskilnaðarmálinu yrði ekki beitt þar í sparnaðarskyni. Rök þingmannsins fólust í að messusókn hefði stórum hrakað og messuföllum fjölgað enda væru ýmsir prestar í meira lagi „[...] liðljettingar frá kirkjulegu sjónarmiði“.³⁶ Skoðun ritstjórans var þvert á móti að hreinn aðskilnaður væri mun betri en sú þróun að þjóðin vendist af öllum kirkjuferðum við mikla sameiningu prestakalla. Þá taldi hann að ekki væri mögulegt að nota messuföll „[...]“

³² J.N. Jóhannsson, „Spurningunum svarað“, *Bjarmi* 11/1916, bls. 87–88, hér 49–50. „Ursus“ hafði lýst aðstæðum í guðfræðideildinni á sama hátt. Ursus, „Verkefni næstu þinga“, bls. 98.

³³ B.M., „Raddir almennings: Spurningum svarað — IV“, *Bjarmi* 14/1916, bls. 108–109.

³⁴ J.P., „Eigum við að stofna fríkirkju?“, *Bjarmi* 16/1920, bls. 125–126, hér 125.

³⁵ Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Fyrri grein“, bls. 51–52.

³⁶ Frá aldamótunum 1900 voru héraðslæknar 42 en prestar rúmlega hundrad. „Messuföll og prestafækkun“, *Bjarmi* 6–7/1924, bls. 49–50, hér 50. Sjá „Fréttir“, *Daður* 20. desember 1923, bls. 202.

í vönd á gamla eða nýja trúmálastefnu [...]“.³⁷ Þau gætu þrátt fyrir það orðið presta-stéttinni og þjóðkirkjunni mjög skeinuhætt.

Eftir þetta varð langt í að afstaða til aðskilnaðarmála væri tjáð í *Bjarma*. Næst þegar það gerðist höfðu aftur orðið eigendaskipti á blaðinu og ritstjórnir voru orðnir þrír: Ástráður Sigursteindórsson (1915–2003), Bjarni Eyjólfsson (1913–1972) og Gunnar Sigurjónsson (1913–1980). Sumarið 1938 gagnrýndu þeir tilraunir sem Ásmundur Guðmundsson (1888–1969) guðfræðiprófessor og síðar biskup hafði beitt sér fyrir til að sameina fylgjendur frjálsslyndu guðfræðinnar og þá sem ritstjórnir nefndu „jákvæða“ og „játningar- og biblíutrúa“. Kváðust þeir hafa lagt kapp á að koma í veg fyrir slíkt samstarf en telja þó óhjákvæmilegt að sitja fundi þjóðkirkjunnar til mótvægis við hina frjálsslyndu. Það þýddi þó ekki að sameiningu væri náð eins og best kæmi í ljós ef aðskilnaður ríkis og kirkju yrði gerður og velja þyrfti — hugsanlega í náinni framtíð — milli „[...] evangelísk-lútherskrar kirkju með játningum hennar — og þokukenndrar samvinnu hins vegar“.³⁸

Löngu síðar lét annar fulltrúi kristniboðshreyfingarinnar, sem *Bjarmi* var hluti af, í ljós þá skoðun á að stutt kynni að vera í aðskilnað ríkis og kirkju og þá vegna þess að stjórnvöld teldu sér ekki lengur fært að styðja bara eina trú og lífsskoðun fram yfir aðrar. Kom sú skoðun fram í bréfi frá Kjartani Jónssyni (f. 1954), þá kristniboða í Kenía, sem birtist í *Morgunblaðinu* síðla árs 1988. Þar reifaði hann þetta mat, sem og nauðsyn þess að kristnir menn á Íslandi héldu vöku sinni og varðveittu hreinleika og kraft hins kristna boðskapar í samfélagi er einkenndist af sífellt meiri fjölhyggju.³⁹

Það sjónarmið að vert væri að skilja að ríki og kirkju vegna trúarlegra andstæðna í kirkjunni og/eða samfélaginu átti því fylgi að fagna mestan hluta þess tímabils sem hér er til rannsóknar. Ekki voru þó allir á því að rétt væri að bregðast við átökum um frjálsslynda og íhaldssama guðfræði með því móti. Á árunum 1916–1918 ritstýrði skáldið Jakob Jóhannesson Smári (1889–1972) *Landinu* sem var málagn þess hluta Sjálfstæðisflokksins (eldra) er kallaðist „þversum“ í deilum flokksmanna í fullveldis-málinu.⁴⁰

Haustið 1916 brást hann í blaði sínu við grein Sigurðar Stefánssonar í Vigur um „rúmgóðu“ þjóðkirkjuna sem var þá nýkomin út í bæklingi.⁴¹ Í ritdómi sínum gerði Jakob einkum athugasemdir við þá sannfæringu Sigurðar og fjölmargra með honum að játningarbundin trú eða rétttrúnaður á öðrum áratug 20. aldar væri samhljóma þeirri stefnu sem svo hafi verið nefnd á öldum áður. Jakob Smári leit svo á að rétttrúnaðurinn hefði orðið fyrir áhrifum aukinnar mannúðarstefnu er t.a.m. hefði mýkt kenningu „rétttrúnaðarmanna“ um eilífa glötun.⁴² Þá lagðist hann gegn aðskilnaði ríkis og kirkju í þeim tilgangi að skilja í sundur rétttrúnað og frjálsslynda guðfræði þar sem hann áleit að kirkjan yrði um of einhliða og þröngsýn við aðskilað og mundi það draga úr áhrifum hennar meðal þjóðarinnar.⁴³ Undraðist Jakob að „orþodoxían“ í landinu gæti hugsað sér að gera bandalag við „óvini trúarbragð-anna“ í aðskilnaðarmálinu sem ekki mundi hafa neitt gott í för með sér fyrir trúarlíf

³⁷ „Messuföll og pretafækkun“, bls. 49–50.

³⁸ „Eining“, *Bjarmi* 14/1938, bls. 3.

³⁹ Kjartan Jónsson, „Afmælishátíðir“, *Morgunblaðið* 16. nóvember 1988, bls. 42.

⁴⁰ Gils Guðmundsson, „Jakob Jóh. Smári: Aldarminning“, *Andvari* 32/1990, bls. 52–60, hér 53.

⁴¹ Sigurður Stefánsson, *Rúmgóða þjóðkirkjan*, Reykjavík: [án útg.], 1916.

⁴² „Ritfregn: Rúmgóða þjóðkirkjan“, *Landið* 36/1916, bls. 137–138.

⁴³ Sama rit, s.st.

landsmanna.⁴⁴ Hér gekk Jakob Smári út frá því að eindregna fylgismenn aðskilnaðar væri helst að finna í röðum þeirra sem gagnrýnir væru á kirkju og kristindóm en þess sjónarmiðs hafði orðið vart þegar á fyrsta skeiði aðskilnaðarumræðunnar og þá ekki síst hjá Þórarni Böðvarssyni (1825–1895) í Görðum, eins helsta upphafsmanns löggjafarleiðarinnar.⁴⁵ Það mat á þó ekki við rök að styðjast, eins glögg kemur fram í því að ýmsir mæltu með aðskilnaði með hagsmuni kirkjunnar í huga.

Jakob Jóhannesson Smári kemur þarna fram sem málsvari hófstills frjálslyndis og einingar í trúmálum. Kemur það vel heim og saman við þá stefnu í trúmálapólitík sem hann vildi að blað sitt fylgdi en í fyrsta tölublaði þess kynnti hann stefnumið sín í 14 liðum og laut það síðasta að trúmálum:

Og síðast, en ekki sízt, viljum vér hlynna að hverri hollri trúarvakning í landinu, með því að vér álitum, að trúarlítill þjóð með trúlausu stjórn geti með engu móti verið hyrningarsteinn undir góðri framtíð landsins.⁴⁶

Varðandi þann brodd sem Jakob Smári beindi með þessum hætti að landstjórninni má benda á að danski bókmennta- og samfélagsrýnirinn Georg Brandes (1842–1927) hafði um þessar mundir mikil áhrif á íslenska mennta- og embættismenn, þar á meðal stjórnmalastéttina. En hann var eindreginn fylgjandi raunsæisstefnu í bókmenntum og frjálslyndis í trúar- og menningarlegum efnum. Sigurður Eggerz (1875–1945) sem verið hafði ráðherra næstu árin á undan (1914–1915) var t.a.m. mikill aðdáandi hans.⁴⁷

Um svipað leyti (1919) birti Frímenn B. Arngrímsson (upphaflega Arngrímur Frímenn Bjarnason 1855–1936), er búið hafði í Bandaríkjunum, Frakklandi og Bretlandi, grein um ýmis þjóðmál í þrennu lagi í blaðinu *Dagsbrún* sem gefið var út af Alþýðuflokknum á árunum 1915–1919 undir ritstjórn Ólafs Friðrikssonar (1886–1964). Frímenn var þó andsnúinn sósíalisma. Í tveimur fyrrnefndu löndunum sem Frímenn hafði dvalið í hafði verið skilið milli ríkis og kirkju. Hann vék lítilllega að aðskilnaðinum í Frakklandi og taldi að allur sá fjárhagslegi ávinningur sem af honum átti að hljótask fyrir ríkið hefði farið í að hækka laun þingmanna.⁴⁸ Um aðskilnað ríkis og kirkju hér sagði Frímenn:

Aðskilnaður ríkis og kirkju finst mér alveg óþarfur hér á Íslandi og nýju kenningarnar engu betri en þær gömlu ef menn skilja gömlu kirkjufræðin rétt. Með öðrum orðum, mér finst mikið af þessu nýja brumi, sem komið er inn í þjóðlífið hér á landi, vera hættulegt fremur en uppbyggilegt, vera villuljós fremur en dagsljós.⁴⁹

Frímenn áleit raunar andlega menningu, m.a. hugvísindi og skáldskap, óþarfa eins og sakir stóðu er framtíð þjóðarinnar riði mjög að tæknilegum framförum hennar. Frímenn bjó um skeið á Akureyri og gaf þar út tímaritið *Fylki* 1916–1927. Í langri

⁴⁴ Sama rit, s.st.

⁴⁵ Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Fyrri grein“, bls. 57–59.

⁴⁶ „Landið“, *Landið* 1/1916, bls. 1.

⁴⁷ Sigurður Eggerz, *Sýnir*, Akureyri: Þorsteinn M. Jónsson, [1934], bls. 125–127. Jón Guðnason, „Sigurður Eggerz“, *Merkir Íslendingar: Evisögur og minningargreinar* 6, Þorkell Jóhannesson bjó til prentunar, Reykjavík: Bókfellsútgáfan 1957, bls. 387–409, hér 395.

⁴⁸ F.B.A. hafði verið í fyrsta hópnunum sem flust hafði frá Norðurlandi til Vesturheims. Þar lauk hann háskólaprófi í raunvísindum og varð mikill baráttumaður um rafvæðingu landsins en varð lítið ágengt. Frímenn B. Arngrímsson, „Skýa-rof (Frh.)“, *Dagsbrún* 31/1919, bls. 119–120, hér 120. Jón Hjaltason, *Saga Akureyrar* 3, Akureyri: Akureyrarbær, 2000, bls. 318–328.

⁴⁹ Frímenn B. Arngrímsson, „Skýa-rof (Frh.)“, *Dagsbrún* 32/1919, bls. 123–124, hér 123.

grein um samtímamálefni er hann nefndi „Almenn tíðindi“ og birtist 1921 kom hann aftur inn á aðskilnaðarmálið og sagði þá:

Aðskilnaður kirkju og ríkis er eitt af yngstu afkvæmum þessarar nýjunga fýsnaðar og þessa þroska-leysis, og afnáam allrar lögreglu og allrar stjórnar og siðgæzlu mundi fylgja, ef atkvæðaföldi einn mætti ráða í sumum ef ekki flestum stærri kaupúnum landsins, á sumum tímum ársins, n. l. yfir vertíðina og í skammdeginu.⁵⁰

Þessi orð endurspeglu þá afstöðu Frímanna að hann taldi að almennt liði þjóðin fyrir „óvitra löggjöf“ sem hann taldi stafa af „[...] of mikilli rýmkun kostninga-réttarins [svo]“ og þar af leiðandi „þroskaleysi kjósenda og nýjungafýsnaðar“ þeirra.⁵¹ Neikvæð afstaða hans til aðskilnaðar ríkis og kirkju var því hluti af víðtækari afstöðu sem kenna má við íhaldssemi.

Með aðskilnaði af trúfrelsisástæðum

Víða erlendis hafði sósíalismi verið knýjandi afl við aðskilnað ríkis og kirkju. Svo var t.a.m. í Frakklandi en þar í landi var þetta skerf stigið 1905. Fólst aðskilnaðurinn í löggjöf sem innleiddi ótakmarkað samviskufrelsi sem einnig fól í sér guðs-þjónustufrelsi. Alfarið var þó litið á guðsþjónustur og aðra trúariðkun sem einkamál fólks og að helgihald ætti ekki að tengjast opinberu lífi lýðveldisins ekki á neinn hátt. Því átti ekki að kveða á um helgidaga í lögum né heldur kenna kristin fræði í opinberum skólum. Ríkið mátti heldur ekki veita fé til guðþjónustu- né kristnihalds almennt. Þá var kirkjan ekki lengur viðurkennd sem persóna að lögum. Hún gat því ekki átt eignir. Af þeim sökum átti að stofna til einkaréttarlegra félaga innan hvers safnaðar sem átt gátu eignir og kostað starf safnaðanna, þar á meðal greitt prestum laun. Kirkjubyggingar og aðrar eignir kirkjunnar skyldu afhentar þessum nýju rekstrarfélögum, fyrir utan þær eignir sem ríkið hafði upprunalega lagt til kirkjunnar. Þær áttu að renna að nýju til ríkisins og vera þá skuldlausar. Þannig skyldi fara fram eignaréttar- og fjárhagslegt uppgjör milli kirkju og ríkis og ekki vera um nein slík tengsl að ræða í framtíðinni.⁵² Þáfi lagðist eindregið gegn hinum nýju lögum og 1908 var fallið frá kröfunni um hin einkaréttarlegu guðsþjónustufélög safnaðanna. Kirkjan var því ekki brotin á bak aftur sem samfelld stofnun. Trúarlífið var þó alfarið gert að einkamálefni. Fjárhagur kirkjunnar hrundi, nýliðun í röðum presta dróst stórum saman og kristnihaldi hrakaði.⁵³ Í *Bjarma* hafði því snemma verið haldið fram að aðskilnaðarmálið hér væri fram komið af völdum sósíalista.⁵⁴ Ekki á það þó við rök að styðjast. Hér munaði meira um frjálslyndi (e. *liberalism*) í pólitískum efnunum.

Fyrst voru sjónarmið róttækra sósíalista til aðskilnaðar ríkis og kirkju hér líklega boðuð í grein sem Einar Olgeirsson (1902–1993), þá forstjóri Síldareinkasölu ríkisins, ritaði 1929 í *Verkamanninn*, málgagn Verkalýðssambands Norðurlands, undir fyrirsögninni „Hræsni og hálfvelgja: Íslenska burgeisastéttin í öngþveiti“. Þar benti hann á að í sjálfstæðisbaráttunni gegn Dönum hefði borgarastéttin barist með

⁵⁰ F[rímann] B. A[rngrímsson], „Almenn tíðindi“, *Fylkir* 1921, bls. 1–11, hér 9.

⁵¹ Sama rit, s.st.

⁵² Jens Holger Schørring, „1800 til í dag“, *Kirkens historie* 2, Kaupmannahöfn: Hans Reitzels forlag, 2012, bls. 383–749, hér 428–435.

⁵³ Torben Christensen og Sven Göransson, *Kyrkubistoria* 3, Stokkhólmi: Esselte studium, 1976, bls. 146–151.

⁵⁴ Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Síðari grein“, bls. 35–36.

bændum og verkamönnum og verið róttæk á sviði trúmála, stjórnarfarsmála og skólamála. Vísaði hann þar m.a. til þess tíma er áhrif Georgs Brandes voru hér mest. Eftir að fullveldi var fengið hafi borgarastéttin aftur á móti snúist til varnar því nýja þjóðskipulagi sem þá hafði komist á. Svikum hennar á fyrst talda sviðinu lýsti hann svo: „Meðan sjálfstæðisbaráttan var háð, var aðskilnaður ríkis og kirkju eitt af þeim stórmálum, sem sjálfsögð þóttu, til að fullkomna frelsi einstaklingsins. Eftir 1918 er vart á það minst [...]“.⁵⁵ Þarna tengdi Einar hvörfin í aðskilnaðarumræðunni vissulega við fullveldið en ekki stjórnarskrárbreytingarnar skömmu áður eins og gert er í þessari rannsókn. Sjónarhorn hans er þó einnig annað og almennara en hér er gengið út frá.

Árið 1935 birtist í einu af félagshyggjublöðunum, *Skutli á Ísafirði*, ýtarleg grein í tveimur hlutum undir fyrirsögninni „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Er fullkomið trúfrelsi á Íslandi?“ *Skutull* var gefinn út af Alþýðusambandi Vestfirðingafjórðungs undir ritstjórn Hannibals Valdimarssonar (1903–1991), sem þá var m.a. forseti sambandsins og síðar alþingismaður og ráðherra. Þar sem greinin er nafnlaus eru líkur á að hún sé eftir Hannibal sjálfan og er hún eitt lengsta og málefnalegasta innleggið í aðskilnaðarumræðuna á löngu tímabili.

Í upphafi furðaði greinarhöfundur sig á að lítið hefði verið rætt um þetta stórmál um langt skeið og varpaði fram tveimur „rannsóknar-“ eða umræðuspurningum, auk þeirrar sem í undirtitli greinarinnar fólst. Sú fyrri laut að því hvernig sambúð ríkis og kirkju — eða í raun átrúnaðar — hefði gefist á umliðnum öldum og hvort reynst hefði betur að þessar stofnanir væru tengdar föstum böndum eða óháðar hvor annari. Síðari spurningin var einfaldari og laut að því hvort dæmi væru um að ríki og kirkja væru algerlega aðskilin.⁵⁶ Fyrri spurningunni svaraði höfundur með sögulegu yfirliti allt frá tímum ofsókna gegn kristnum mönnum í Róm til forna en þær hlutust að hans dómi af tengslum ríkis og átrúnaðar. Hinni síðari svaraði hann stuttlega í lok síðari greinarinnar með tilvísun til Bandaríkjanna og Frakklands.⁵⁷

Í mati sínu á því hvort fullt trúfrelsi gæti talist í landinu vísaði höfundur til 60. gr. í stjórnarskrá konungsríkisins Íslands frá 1920 (núv. 64. gr.). Hún var efnislega óbreytt frá 1915 en þá hafði upphaflegri 47. gr. stjórnarskrárinnar um sérmál Íslendinga verið breytt í ljósi aðskilnaðarumræðunnar. Mest munaði þar um að innleitt var bann við að nokkur væri krafinn um að greiða persónuleg gjöld til trúfélags sem hann tilheyrði ekki sjálfur ásamt því að frelsi fólks til að standa utan allra trúfélaga var viðurkennt með óbeinum hætti. Um leið var þó kveðið á um að þeir sem nýttu sér það væru gjaldskyldir við Háskóla Íslands.⁵⁸ Greinarhöfundur benti á að þar sem utanþjóðkirkjufólk nyti Háskólans ekki í neitt ríkari mæli en þjóðkirkjufélagar skorti öll málefnaleg rök fyrir að það greiddi sérstök gjöld til hans. Því væri augljóst að „kirkjugjald“ væri tekið af þeim ekki síður en öðrum. Meira skipti þó að ákvæði stjórnarskrárinnar um að enginn skyldi inna af hendi gjöld „[...] til annarar guðsdýrkunar en hann sjálfur aðhyllist“ væri ekkert annað en blekking úr því að kostnaður við kristinfræðikennslu í skólum og prestsmentun við Háskólann væri

⁵⁵ E[inar] O[lg]eirsson], „Hræsni og hálfvelgja: Íslenska [svo] burgeisastéttin í öngþveiti“, *Verkamáðurinn* 51/1929, bls. 1–2, hér 1.

⁵⁶ „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Er fullkomið trúfrelsi á Íslandi?“, *Skutull* 20/1935, bls. 2.

⁵⁷ Sama rit, bls. 2–3; „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Er fullkomið trúfrelsi á Íslandi? (Niðurlag)“, *Skutull* 21/1935, bls. 2–3, hér 3.

⁵⁸ Hjalti Hugason, „Þjóðkirkja og trúfrelsi: Saga og þróun trúmálabálks stjórnarskrárinnar“, bls. 172–174.

greiddur úr ríkissjóði og ríkið tæki auk þess þátt í launagreiðslum kirkjulegra embættismanna og kostnaði við kirkjubýggingar.⁵⁹ Þá áleit hann þjóðkirkjuákvæði stjórnarskrárinnar í þáverandi 58. gr. (núv. 62. gr.) hafa í för með sér að ríkisvaldið gerði ekki öllum kirkjudeildum jafnhátt undir höfði.⁶⁰ Greinarhöfundur leit einnig svo á að ríkisvaldið léti í raun beita börn trúarlegri „agitasjón“ eða innrætingu svo að segja frá fæðingu og að hún væri greidd af almannafé. Vísaði hann þar til skírningarinnar og fræðslunnar um „[...] hina einu réttu trú [...]“ í barnaskólunum. Þrátt fyrir ýmsar tilslakanir í seinni tíð leit hann því svo á að ærnar leifar af „[...] trúarkúgun fyrri alda“ væru enn til staðar.⁶¹ Þess skal getið að tæpum áratug áður en þessi orð voru fest á blað, eða 1926, hafði verið skilið á milli skírnar- eða fermingarfræðslu kirkjunnar og almennra námskrafna til fullnaðarprófs úr barnaskólum.⁶² Hannibal var kennaramenntaður maður og hafði verið kennari og skólastjóri.⁶³ Honum hefur því verið fullkunnugt um breytinguna sem mönnum sést vissulega oft yfir enn í dag. Ummælin benda til að aðgreiningin hafi ekki verið tekin að hafa verulega þýðingu í reynd að hans mati.

Í síðari hluta greinar sinnar freistaði höfundur að meta hvernig þjóðkirkjan hefði rækt hlutverk sitt á liðnum öldum. Kvað hann að í fljótu bragði mætti ætla að hún hefði náð góðri uppskeru þar sem yfir 90 af hundraði landsmanna teldu sig evangelísk-lútherska. Það áleit hann þó yfirborðslega niðurstöðu. Vísaði hann til þeirrar kirkjufræði (e. *ecclesiology*) sem fram kom í *Helgakverri* en það kom fyrst út 1877 og síðan í 12 útgáfum til 1924 og var nær einrátt í fermingarundirbúningi og þar með trúaruppfræðslu almennings fram undir aldamótin 1900 og var víða notað fram yfir 1930.⁶⁴ Mótandi það því trúarþekkingu tveggja til þriggja kynslóða Íslendinga. Þar var kennt í lútherskum anda að kirkjan væri bæði sýnileg og ósýnileg og væri hin ósýnilega kirkja samfélag hinna sanntrúuðu og væri því kölluð „samfélag heilagra“.⁶⁵ Taldi greinarhöfundur að væri þetta „samfélag heilagra“ greint frá „[...] herskörungum hinna trúarveilu og vantrúuðu“ kæmi í ljós að það væri næsta fámennt. Þjóðkirkjunni væri á hinn bóginn ekkert gagn eða sómi af því að gína yfir allri þjóðinni einungis að nafninu til. Kom höfundur hér inn á þekkt stef úr aðskilnaðarumræðunni á fyrsta skeiði hennar.⁶⁶

Orsök þess að þjóðin væri þannig aðeins lúthersk eða jafnvel kristin að nafninu til rakti höfundur til trúarlegs ósjálfstæðis hennar. Undir ráðandi þjóðkirkjufyrirkomulagi réðu einstaklingarnir að hans mati engu um trúarleg málefni sín, söfnuðirnir gerðu það ekki heldur í neinu sem máli skipti og biskupinn ekki nema í samráði við kirkju- og kennslumálaráðuneytið. Það — væntanlega ásamt Alþingi — hefði

⁵⁹ „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Er fullkomið trúfrelsi á Íslandi?“, bls. 3.

⁶⁰ Sama rit, s.st.

⁶¹ Sama rit, s.st. Sjá og „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Er fullkomið trúfrelsi á Íslandi? (Niðurlag)“, bls. 3.

⁶² Loftur Guttormsson, „Lagagrunnur og framkvæmdir 1926–1945“, *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007* 1, ritstj. Loftur Guttormsson, Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands, Háskólaútgáfan, 2008, bls. 108–123, hér 110–111; Ólafur Rastrick, „Hefðbundnar kjarnagreinar“, *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007* 1, ritstj. Loftur Guttormsson, Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands, Háskólaútgáfan, 2008, bls. 180–192, hér 187–190.

⁶³ Æviágrip þingmanna frá 1845: Hannibal Valdimarsson, *althingi.is*, sótt 30. maí 2019 af <https://www.althingi.is/altext/cv/is/?nfaerslunr=236>.

⁶⁴ Einar Sigurbjörnsson, „Inngangur“, Helgi Hálfánarson, *Helgakver*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2000, bls. 9–63, hér 9, 37, 40.

⁶⁵ Helgi Hálfánarson, *Helgakver*, inngang ritaði Einar Sigurbjörnsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2000, bls. 143.

⁶⁶ Sjá m.a. Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Fyrri grein“, bls. 57.

lagt lagalegan grundvöll að þjóðkirkjunni sem veraldlegri félagsstofnun en hefði síðan vanrækt að endurskoða löggjöfina. Það hefði svo leitt til þess að þjóðkirkjan hefði einangrast frá samtíð sinni og umhverfi enda væri nú „[...] langmestur hluti þjóðarinnar [...] orðinn afkristnaður til fulls.“⁶⁷ Þetta ástand taldi hann endurspeglast í sífelldum messuföllum, „mosavöxnum“ kirkjum og vanhirtum kirkjugörðum. Allt taldi hann þetta talandi tákni „[...] dauðamóksins, dvalans og kæruleysisins, sem þjóðkirkjufyrirkomulagið hefir fætt og fósrað [...]“.⁶⁸ Miklu olli í þessu sambandi að hans mati að fólk þyrfti aldrei að taka sjálfstæða ákvörðun um aðild sína að þjóðkirkjunni heldur væri fætt inn í hana eins og kennt væri í *Helgakverri*.⁶⁹ Því var eðlilegt, að mati höfundar, að fólk væri ómeðvitað um skyldur sínar gagnvart þjóðkirkjunni og hlutverk sitt í henni.⁷⁰

Þarna lýsti greinarhöfundur valdahlutföllum í kirkjunni meðan „gamla íslenska þjóðkirkjuskipanin“ var í gildi. Samkvæmt þeim lagaramma var sjálfstjórn kirkjunnar mjög þröngur stakkur sniðinn þegar málefnum sem lutu beint að helgi-haldi og túlkun á kirkjukenningunni, svokölluðum innri málum kirkjunnar, sleppti. Kirkjuráð hefði vissulega verið stofnað 1931 en þar var einkum um innri samráðs-vettvang þjóðkirkjunnar að ræða, auk þess sem það fór með tiltekin innri mál þjóðkirkjunnar.⁷¹ Greining höfundar á valdahlutföllunum milli biskups og stjórnar-ráðsins átti því við gild rök að styðjast. Söfnuðir þjóðkirkjunnar höfðu á hinn bóginn ráðstöfunarrétt á sóknargjöldum, sem og umráð yfir kirkju sinni, þar sem svo hafði samist með þeim og fyrri kirkjueigendum. Þá gátu þeir einnig valið sér prest.⁷² Söfnuðirnir höfðu því vissulega nokkra stjórn í eigin málum. Torvelt er aftur á móti að meta ummælin um sjálfsforræði einstaklinga í trúarefnum. Það hefur væntanlega verið með svipuðu móti og nú og fremur ráðist af hefðbundnum einkennum þjóðkirkjunnar sem „prestakirkju“ en af lögum.⁷³ Hér víkur greinarhöfundur þó væntanlega einkum að sjálfkrafa skráningu barna í þjóðkirkjuna og uppfræðslu þeirra í lútherskri kristni. Ljóst er að lýðræði og svigrúmi einstaklinga og einstakra hópa eða safnaða innan íslensku þjóðkirkjunnar til sjálfstæðs frumkvæðis voru þröngar skorður settar á fjórða áratug liðinnar aldar. Kirkjan var því að verulegu leyti ríkiskirkja, óháð formllegu heiti hennar.

Höfundur *Skutuls*-greinarinnar leit svo á að um tvær leiðir væri að ræða til að skilja að ríki og kirkju. Önnur var sú sem nefnd hefur verið „safnaðaaðferðin“ og fólst í að söfnuður eftir söfnuð segði sig úr lögum við þjóðkirkjuna og myndaði kirkjufélag sem væri sjálfstætt í eigin málum.⁷⁴ Hin var „lagaleiðin“ sem fólst í að einn góðan veðurdag ákvæði Alþingi, með fulltingi þjóðarinnar, að ríkisvaldið hætti öllum afskiptum af „trúarskoðunum“ fólks.⁷⁵ Taldi hann að sú leið yrði einmitt farin

⁶⁷ „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Er fullkomið trúfrelsi á Íslandi? (Niðurlag)“, bls. 2.

⁶⁸ Sama rit, s.st.

⁶⁹ Höf. greinarinnar í *Skutli* kynnti Helga Hálfðánarson (ranglega) sem fyrrverandi biskup. Hann var forstöðumaður Prestaskólans frá 1885. „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Er fullkomið trúfrelsi á Íslandi? (Niðurlag)“, bls. 3. Sjá Helgi Hálfðánarson, *Helgakver*, bls. 145.

⁷⁰ „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Er fullkomið trúfrelsi á Íslandi? (Niðurlag)“, bls. 2.

⁷¹ Stjórnartíðindi 1931 A, bls. 30–31. Bjarni Sigurðsson, *Geschichte und Gegenwartsgestalt des isländischen Kirchenrechts*, Europäische Hochschulschriften, Reihe 2, 524, Frankfurt am Main: Peter Lang, 1986, bls. 296–298.

⁷² Sama rit, bls. 233–239.

⁷³ Með orðinu prestakirkja er átt við kirkju þar sem prestar njóta mikillar sérstöðu umfram óvígða í krafti menntunar sinnar og/eda vígslu, óháð lögum og starfsreglum. Hugtakið er því félagsfræðilegs en ekki lögfræðilegs eðlis.

⁷⁴ Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Fyrri grein“, bls. 53.

⁷⁵ Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Fyrri grein“, bls. 65.

hér.⁷⁶ Hann áleit að við slíka byltingu gæti þeim fækkað stórlega fyrst í stað sem tækju þátt í kirkju- og kristnihaldi. Er frá liði yrði breytingin þó til góðs fyrir kirkjuna:

En í raun réttari væri breytingin þó aðeins sú, að nú væru komnar hreinar línur. Þeir trúðu hefðu fengið verkefni í hendur, og það yrði eftir getu og áhuga, hversu mikið þeir legðu til málanna. Þeir þyrftu ekki lengur að hafa samvizkubit af því, að kristnihaldið í landinu byggðist á fjárframlögum heiðingja og vantrúarmanna. Þeir væru orðnir frjálssir undan ákvæðum úreltra laga og yfirboðun áhugalausra stjórnarvalda. Þeir fengu ábyrgðartilfinningu, því nú vissu þeir, að allt hvíldi á eigin herðum þeirra. Það mundi hefjast áhuga- og eldmóðstímabil andlegra strauma á Íslandi.⁷⁷

Höfundur *Skutuls*-greinarinnar var það ofarlega í huga að ekki væri verjandi að halda uppi kristnihaldi á kostnað þeirra sem ekki væru raunverulega fúsir til að leggja eitthvað af mörkum til þess. Höfundur kvað loks raunverulegt trúfrelsi komast á í landinu með fullum aðskilnaði er þeir vantrúðu „[...] væru frjálssir að sínu trúleysi og lausir allra mála, enda er það á einskis valdi að skapa sér hræsnislausu trú.“⁷⁸ Ýmis þau sjónarmið sem hér voru reifuð höfðu verið rædd þegar á fyrsta skeiði aðskilnaðarumræðunnar. Má þar nefna rétt þeirra sem ekki deildu trúarkenningum þjóðkirkjunnar til að vera að fullu lausir undan greiðslum til hennar. Markmið stjórnarskrárbreytingarinnar 1915 hafði einmitt verið að tryggja slíkt fyrirkomulag. Af orðum greinarinnar má ráða að höfundurinn hefur litið svo á að ýtrustu markmiðum breytingarinnar hafi ekki verið náð þar sem sú skipan ríkti enn að margir sem í raun væru óvirkir og áhugalausir kirkjulega séð og stæðu jafnvel utan þjóðkirkjunnar tækju þátt í að kosta starf hennar þótt persónulegu gjöldunum væri rutt úr vegi. Hér, eins og oft í stefnumörkunarstarfi er miðar að aðskilnaði ríkis og kirkju, höfðu átakalínur breyst og ný markmið komu fram í kjölfar þess að fyrri stefnumiðum var náð. Aðskilnað ríkis og kirkju ber því í raun ekki að skoða sem breytingu sem mögulegt er að framkvæma í einni atrennu heldur sem róf mismunandi hugmynda og markmiða sem taka stöðugum breytingum eftir því sem aðskilnaðarþróuninni vindur fram og ný viðhorf ryðja sér til rúms, einkum hvað trúfrelsi og trúarlegt jafnræði áhrærir.⁷⁹

Þá vék höfundur *Skutuls*-greinarinnar einnig að afmarkaðri hliðum aðskilnaðarins sem ræddar höfðu verið á fyrra skeiði umræðunnar. Þar er átt við álitamálið um hvað verða ætti um kirknaeignir við aðskilnað. Þar hallaðist hann á svipaða sveif og Skúli Thoroddsen (1859–1916) alþingismaður hafði gert, þ.e. að ekki væri eðlilegt að lúthersk fríkirkja tæki við eignunum þar sem slíkt leiddi til mismununar milli hennar og annarra trúflokka.⁸⁰ Það mat byggði svo einnig á að fornar eignir kaþólskra kirkjustofnana hefðu runnið til ríkisins eða konungs á siðaskiptatímanum og að hluti þeirra hefði síðan verið lagður fram sem stofnkostnaður nýs „trúarfélags-skapar“, þ.e. lúthersku kirkjunnar. Af þeim sökum hefði ríkið fullan rétt á að taka

⁷⁶ „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Er fullkomið trúfrelsi á Íslandi? (Niðurlag)“, bls. 3.

⁷⁷ Sama rit, s.st.

⁷⁸ Sama rit, s.st.

⁷⁹ Skýrt dæmi þessa má finna í trúarréttarlegri umræðu í Svþjóð. Þar var gerð róttæk breyting á sambandi ríkis og kirkju um aldamótin 2000. Meðan breytingin var í undirbúningi var jafnan rætt um aðskilnað (s. *separation* og/eða *skilsmássa*) ríkis og kirkju. Skömmu eftir breytinguna var aftur á móti tekið að ræða um breytt tengsl (s. *relationsförändring*). Þetta er m.a. rætt í bók Marie Rosenius, *Svenska kyrkan samma kyrka? Ecklesiologi före och efter relationsförändringen*, Skellefteå: Artos & Norma Bokförlag, 2015.

⁸⁰ Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Síðari grein“, bls. 27–28.

þær til sín að nýju við aðskilnað. Þó gæti ríkisvaldið selt nýjum söfnuðum kirkjubyggingar við vægu verði „[...]“ og átt að öðru leyti við þá hagkvæm og vinsamleg viðskipti eins og hvern annan óháðan aðila.⁸¹ Í þessu efni byggði hann á svipuðum sjónarmiðum og mikilvirkur greinarhöfundur sem kallaði sig „L“ hafði haldið fram á fyrra skeiði umræðunnar en þar var líklega um fyrrnefndan Lárus H. Bjarnason að ræða.⁸²

Ekki verður séð að þau sjónarmið sem komu fram í *Skutuls*-greininni byggist á sértækum sósíalískum viðhorfum þótt hún birtist í sósíalísku mál gagni. Þó taldi höfundurinn að fara ætti svipaða leið hér og gert hafði verið í Frakklandi þar sem sósíalistar réðu vissulega ferðinni. Greinin einkenndist fremur af almennum mannréttindasjónarmiðum ásamt þeim skilningi að það samræmdest best eðli kirkjunnar að fólk væri sem frjálstast að aðild sinni að henni og þeim skyldum sem það axlaði gagnvart henni. Þá er athyglisvert að höfundurinn var inni á næsta lútherskum trúarskilningi er hann fullyrti að ekki væri á neins valdi að skapa sér hræsnislausu trú.⁸³

Eins og vikið hefur verið að lá aðskilnaðarumræðan niðri á árum síðari heimsstyrjaldarinnar. Í mars 1946 var sú þögn rofin í *Verkamanninum* á Akureyri með grein sem birt var á æskulýðssíðu blaðsins undir fyrirsögninni „Aðskilnaður ríkis og kirkju“. Þar var sú skoðun látin í ljós að trúfrelsi væri einvörðungu í orði kveðnu á Íslandi þar sem ríkisvaldið styrkti aðeins eina trúarstefnu, sem sé hina evangelísk-lúthersku, og kostaði nám og störf þeirra sem hana boðuðu. Þá væru allir sem sagt hefðu sig úr þjóðkirkjunni — án þess að ganga í annað viðurkennt trúfélag — skyldir til að greiða sérstakan skatt til Háskóla Íslands en þar væri ein deild helguð guðfræði Af þessum sökum væri hver og einn Íslendingur skyldur að lögum til að láta meira eða minna fé af hendi rakna sem kæmi þjóðkirkjunni beint til góða. Þetta fyrirkomulag taldi greinarhöfundur gera trúfrelsið að engu í framkvæmd.⁸⁴

Greinarhöfundur kvað sósíalista ætíð hafa barist fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju sökum þess að trúarskoðanir ættu að vera einkamál hvers og eins og að í lýðræðisríkjum væri óviðunandi að ríkið mismunaði „trúarstefnum“ með því að styrkja eina þeirra fremur en aðrar.⁸⁵ Um þetta sagði hann m.a.:

Mönnum á að vera leyfilegt að hafa þá trú, sem þeir vilja, og dýrka þá guði, sem þeir finna mesta stöð hjá. En það er ekkert lýðræði, að ríkið heimti af þegnum fé til framdráttar einhverri ákveðinni trúarstefnu.⁸⁶

Greinarhöfundur hafnaði því á hinn bóginn sem rangfærslu að sósíalistar berðust fyrir afnámi trúfrelsis eins og ýmsir héldu fram. Þar átti hann við frelsi til að iðka trú sína opinberlega og með öðrum. Sjónarmið hans mótuðust þó ekki aðeins af mannréttinda- og jafnræðissjónarmiðum heldur einnig trúarbragðagagnrýni. Það vó sem sé þungt í huga hans að hann áleit vitað og almennt viðurkennt af hugsandi mönnum að trúarbrögð væru „[...]“ að mestu leyti alls konar hjátrú og hleypidómar, [...]“ sem enga stöð ættu í raunvísindum nútímans.⁸⁷ Í því sambandi nefndi hann

⁸¹ „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Er fullkomið trúfrelsi á Íslandi? (Niðurlag)“, bls. 3.

⁸² Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Síðari grein“, bls. 49.

⁸³ Sjá Helgi Hálfánarson, *Helgakver*, bls. 124–129.

⁸⁴ d+Þ, „Aðskilnaður ríkis og kirkju“, *Verkamaðurinn* 11/1946, bls. 2 og 4, hér 2.

⁸⁵ Sama rit, s.st.

⁸⁶ Sama rit, s.st.

⁸⁷ Sama rit, s.st.

sérstaklega kenninguna um að Kristur væri eingetinn sonur Guðs.⁸⁸ Loks undraðist höfundur *Verkamanns*-greinarinnar að prestar og trúmenn legðust tíðum gegn aðskilnaði og taldi að málefnið ætti þvert á móti að vera þeim áhugamál. Aðskilnaðurinn mundi kalla fram skýrari línur milli trúaðra og vantrúaðra sem væri til góðs og ætti að vera kirkjunni áhugamál. Andstöðuna kvað hann aftur á móti sýna að menn efuðust um að trúin ætti þau ítök meðal þjóðarinnar sem látið hefði verið í veðri vaka.⁸⁹ Voru lokaorð hans þessi:

Krafan um aðskilnað ríkis og kirkju heyrir nú æ oftar borin fram í ræðu og riti. Alþýðu manna er að verða ljóst, að „hin evangelíska lútherska þjóðkirkja“ á Íslandi [svo] er hlutur, sem hún hefir ekkert með að gera og hún biður eftir hentugu tækifæri til að kasta honum fyrir borð, sem hverjum öðrum óparfa og leiðinlegum bagga á þjóðfélaginu.⁹⁰

Skömmu síðar mótmælti Sæmundur G. Jóhannesson (1899–1990), liðsmaður bræðrasafnaðarins að Sjónarhæð á Akureyri, þessari gagnrýni á trúna. Á hinn bóginn kvað hann rétt að hið opinbera ætti ekki að skipta sér af hverju menn tryðu. Fyrir slíka afskiptasemi kvað hann marga hafa týnt lífi og að fleiri ættu eftir að gera það í framtíðinni. Hann væri því sammála þeirri afstöðu að ríki og kirkja ættu að vera aðskilin.⁹¹

Pétur Jakobsson (1886–1958) kennari og fasteignasali ritaði viðamikla grein í þremur hlutum í *Mánudagsblaðið* haustið 1953 þar sem hann gerði grein fyrir breytingum sem hann taldi að gera þyrfti á lýðveldisstjórnarskránni frá 1944. Í fyrsta hlutanum fjallaði hann einkum um kjör til Alþingis en forsetaembættið í þeim síðasta.⁹² Í miðhlutanum vék hann að þjóðkirkjuskipaninni og trúfrelsinu sem hann áleit ekki vera nema að nafninu til þar sem börn væru aðeins upprædd um evangelísk-lútherska trú í skólum landsins.⁹³ Hvað þjóðkirkjuskipaninni viðvæk benti hann á að prestastéttin hefði nú glatað öllum fyrri hlutverkum sínum nema því einu að „lesa messur“ sem væru illa sóttar og lítills metnar. Prestsembættið væri því orðið „úrgangsembætti“ sem leitt gæti til þess að „[...] miðlungar eða jafnvel undirmálmenn veljist í guðfræði deild Háskólans.“⁹⁴ Taldi hann aðskilnað ríkis og kirkju því vera „[...] tímanna tákn, sem ekki verði af menningarhimni þjóðarinnar tekið.“⁹⁵ Eftir aðskilnað gætu svo þeir sem þess óskuðu sýnt trúaráhuga sinn í verki með því að stofna fríkirkju og taka á sig allar skyldur gagnvart henni. Þá vildi hann að í stað fræðslu um evangelísk-lútherska kristni í skólum yrði tekið að kenna „almenna trúarsögu“ og vildi láta verja verulegum tíma í hana.⁹⁶ Auk hennar taldi hann að halda mætti uppi kristindómsfræðslu í útvarpi og ávarpa þar með alla þjóðina í einu.⁹⁷ Athyglisvert er að þar með mælti hann með að fræðslan væri flutt frá einni ríkisstofnun til annarrar, þ.e. úr barnaskólum til Ríkisútvarpsins. Líklega leit hann

⁸⁸ Sama rit, s.st.

⁸⁹ Sama rit, s.st.

⁹⁰ Sama rit, bls. 4.

⁹¹ Sæmundur G. Jóhannesson, „Mótmæli“, *Verkamaðurinn* 13/1946, bls. 2.

⁹² Pétur Jakobsson, „Stjórnarskráin“, *Mánudagsblaðið* 35/1953, bls. 4 og 7; Pétur Jakobsson, „Stjórnarskráin [framhald 2]“, *Mánudagsblaðið* 37/1953, bls. 7.

⁹³ Pétur Jakobsson, „Stjórnarskráin [framhald]“, *Mánudagsblaðið* 36/1953, bls. 2 og 9, hér 2.

⁹⁴ Sama rit, bls. 2 og 9; Pétur Jakobsson, „Að afstöðnu verkfalli“, *Mánudagsblaðið* 18/1955, bls. 4 og 7, hér 7. Sjá og Pétur Jakobsson, „Skilnaður ríkis og kirkju“, *Mánudagsblaðið* 16/1957, bls. 3 og 7, hér 7.

⁹⁵ Pétur Jakobsson, „Stjórnarskráin [framhald]“, bls. 9.

⁹⁶ Sama rit, s.st.

⁹⁷ Pétur Jakobsson, „Skilnaður ríkis og kirkju“, bls. 7.

þá til þess að hver og einn væri frjálst að því að hlusta á útvarpið, öfugt við það sem gerðist í skyldunámsskólum.

Pétur Jakobsson tjáði sig aftur um aðskilnað á sama vettvangi snemma árs 1957. Lét hann þá í ljós gagnrýna afstöðu til a.m.k. hefðbundinnar kristindómstúlkunar er hann lét svo um mælt að síðan „[...] hvalastaðurinn, þessi mikli hornsteinn kirkjunnar hrundi“ hefði stofnunin ekki annað til að reisa tilveru sína á „[...] en þennan ímýndaða [svo] guð, sem lifað hafi um milljónir alda, bak við sól, tungl og fjarstu stjörnur, [...]“.⁹⁸ Í framhaldinu hafnaði hann svo helstu játningarbundnu kennisetningum kristinnar sem og helgiathöfnum hennar þótt hann teldi Krist sjálfan vissulega hafa verið „fluggáfaðan mann“.⁹⁹

Að þessu sinni var Pétur þeirrar skoðunar að aðskilnaður væri „aðkallandi nauðsynjamál“ sem ekki ætti að vera hljótt um.¹⁰⁰ Taldi hann að við aðskilnað ætti að beita „lagaleiðinni“ með þeim hætti að við næstu prestaskipti eftir að lög um aðskilnað hefðu tekið gildi ættu söfnuðirnir í hverju prestakalli fyrir sig koma sér saman um hvort þeir vildu ráða sér prest og launa hann sjálfir. Þó ætti að létta undir með þeim sem vildu halda uppi fríkirkju með því að afhenda þeim kirkjubyggingarnar með innbúi þeirra án endurgjalds. Taldi hann líklegt að kvenfélög landsins myndu áfram láta sig kirkjumálin varða og létta undir með rekstri fríkirkju. Ef ekki þætti ráðlegt að leggja niður guðfræðideild Háskólans mætti halda þar uppi kennslu fyrst um sinn og láta aðsókn skera úr um framhaldið. Með þessu móti taldi Pétur að prestum myndi fækka stórlega, öðrum atvinnugreinum til eflingar. Jafnframt mundi ærinn kostnaður við andlausa predikun þeirra sparast en hana taldi Pétur, eins og að henni væri staðið, fremur fallna til að „[...] jarðsyngja trúna á heilaga þrenningu, en til að lyfta henni og lífga hana.“¹⁰¹

Ásgeir Magnússon frá Ægissíðu (1886–1969), kennari og fyrsti fréttastjóri innlendra fréttu á Ríkisútvarpinu (til 1940), ritaði 1969 grein í tímaritið *Menntamál* — tímarit um uppeldis- og fræðslumál sem gefið var út af samtökum barna- og framhaldsskólakennara — um kristinfræðikennslu í skólum sem hann gagnrýndi harðlega.¹⁰² Leitaðist hann við að greina tólf „máttarstöðir“ lúthersks kristindóms og taldi flestar, eða níu þeirra, fallnar og að þær yrðu aldrei endurreistar. Þær sem eftir stóðu, að hans mati, voru boðorðin tíu, skírn og „kristnihald“, auk þeirrar góðvildar er Kristur boðaði.¹⁰³ Þá vísaði hann til Jóhanns Hannessonar (1910–1976) guðfræðiprófessors er látið hefði svo um mælt að einungis einn af hundraði landsmanna 15 ára og eldri sækti enn kirkju. Þá taldi Ásgeir að allt að 22 prósent Íslendinga væru „heiðingjar“ en virðist hann með því hafa átt við allt utanþjóðkirkjufólk.¹⁰⁴ Það sem hann taldi að einkum ylli þessum „ósköpum“ sem lútherstrúin í landinu hefði orðið fyrir væri hennar eiginn áróður, þ.e. ofuráhersla á trúfræðilega innrætingu, auk nýrra hugmyndastrauma er borist hefðu til landsins á fyrri hluta 20.

⁹⁸ Sama rit, bls. 3.

⁹⁹ Sama rit, bls. 7.

¹⁰⁰ Sama rit, s.st.

¹⁰¹ Sama rit, s.st.

¹⁰² Gunnar Stefánsson, *Útvarp Reykjavíkur: Saga Ríkisútvarpsins 1930–1960*, Reykjavík: Sögufélag, 1997, bls. 54, 64–65, 152.

¹⁰³ Máttarstöðirnar voru: Sköpunarsagan, **boðorðin tíu**, heilög þrenning, **skírn og kristnihald**, altarisakramentið, syndin og endurlausnin, upprisa Jesú frá Nasaret, upprisa holdsins og dómsdagur, **góðvildin**, bænin, eilíf sæla handa þeim trúuðu og eilíf útskúfun þeirra sem ekki trúá, djöfull og helvíti. Á.M. viðurkenndi að þær feitletuðu væru „uppistandandi“. Ásgeir Magnússon, „Kennsla kristindóms í skólum“, *Menntamál* 1/1969, bls. 85–92, hér 86–88.

¹⁰⁴ Sama rit, bls. 90

aldar, nýrrar heimsmyndar og loks útskúfunarkenningarinnar er væri sjálft „dauðamein“ kristindómsins.¹⁰⁵ Loks spurði hann hvort verið gæti að íslenska kennarastéttin væri „frelsuð“ eða hvers vegna hún velti ekki af sér oki kristindómsins og fengi hann afnuminn í ríkisreknum skólum. Hann áleit að aðskilnaður ríkis og kirkju mundi sigla í kjölfarið af slíkri breytingu og væri hann löngu tímabær enda byggi mikill meiri hluti mannkyns við slíkan aðskilnað, m.a. í Bandaríkjunum, Sovétríkjunum, á Indlandi og í Kína. Íslendingar væru að þessu leyti til í minnihluta með öðrum Norðurlandþjóðum.¹⁰⁶ Ásgeir taldi sig, að því er virðist, efahyggjumann (e. *agnostic*) en kvaðst aftur á móti líta á guðleysi sem „[...] eina hina allra mestu heimsku [...]“ og sagðist ekki deila á „[...] óháðar hugmyndir manna um Guð og annað líf.“¹⁰⁷

Varð nú langt hlé á að aðskilnaður ríkis og kirkju væri ræddur út frá rökum sem kenna má við mannréttindi. Undir lok tímabilsins tók þó að nýju að gæta slíkra sjónarmiða. Jóhannes Páll II páfi (1978–2005) gisti Ísland 3.–4. júní 1989 í Norðurlandaferð sinni. Skömmu eftir heimsóknina ritaði Reynir Harðarson (f. 1961) sem titlaði sig „á hugamann um íslenska sögu, menningu og reisn“ kjallaragrein í *DV* þar sem hann gagnrýndi að þjóðin sæti uppi „[...] með ríkisrekna kirkju, presta og preláta [...]“.¹⁰⁸ Undraðist hann hve sjaldgæf alvarleg umræða um eilífðarmál væri hér en taldi það hafa bæði kosti og galla. Kostina áleit hann vera að „kirkja og trúarofstæki“ ættu erfitt uppdráttar en gallinn fælist í að án ígrundunar gætum „[...] við ekki losað okkur endanlega við þessa óþörfu og skaðlegu hugmynd um æðri veru.“¹⁰⁹ Í kjölfarið fylgdi gagnrýni á sum helstu trúaratriði kristinnar eins og þau eru sett fram í Níkeu-játningunni en hún hafði einmitt verið flutt við samkirkjulega helgiathöfn á Þingvöllum.¹¹⁰ Reynir átti síðar eftir að verða einn af helstu forustumönnum samtakanna um aðskilnað ríkis og kirkju og Vantrúar.¹¹¹

Að lokinni þjóðhátíð á Þingvöllum 1994, sem haldin var í tilefni af fimmtíu ára lýðveldi í landinu, gagnrýndi Hannes Hólmsteinn Gissurarson (f. 1953), þá dósent í stjórn málafræði og síðar prófessor, að umfjöllunarefni hátíðarfundar Alþingis á Þingvöllum hefði verið „nánast innihaldslaust“ en þar var samþykkt ályktun þess efnis að endurskoða skyldi mannréttindakafla stjórnarskrárinnar. Þess í stað kvað hann að ræða hefði átt breytingar í þá veru að leggja niður forsetaembættið og aðskilja ríki og kirkju.¹¹² Röksemdir hans fyrir aðskilnaði voru annars vegar að óeðlilegt væri að trúarsöfnuðum í landinu væri mismunað með þeim hætti að ríkið styddi

¹⁰⁵ Sama rit, bls., bls. 91.

¹⁰⁶ Sama rit, bls., bls. 91–92.

¹⁰⁷ Sama rit, bls. 92.

¹⁰⁸ Reynir Harðarson, „Kjallarinn: Hverju skal trúa?“, *Dagblaðið Vísir* — *DV* 12. júlí 1989, bls. 15.

¹⁰⁹ Sama rit, s.st.

¹¹⁰ Sama rit, s.st. Pétur Sigurgeirsson, *Líf og trú: Endurminningar og hugleiðingar Péturs Sigurgeirssonar biskups*, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1997, bls. 191. Fleiri brugðust neikvætt við komu páfa. Lesandi *DV*, Jón S. Þorleifsson, brást við skrifum Reynis með því að lýsa þeirri grundvallarafstöðu sinni að ríkið ætti ekki „[...] að standa fjárhagslega undir ákveðinni ríkistrú“ og trúarleg afstaða ætti að vera einkamál hvers og eins. Þá gagnrýndi hann hve miklum fjármunum væri varið t.d. til „skrúðklæðnaðar“ prestastéttarinnar í stað þess að nota féð fremur til að létta undir með „þurfandi fólki“. Loks lýsti hann þó aðdáun sinni á Lúther sem sagt hefði Evrópubúum sannleikann „[...] þegar kaþólska kirkjan var komin á villigötur trúarofstækis, galdrabrenna og aflátssölu“ og undraðist að leiðtogar þjóðkirkjunnar hefðu ekki lagst gegn heimsókn páfa hingað. Jón S. Þorleifsson, „Aðskilnaður ríkis og kirkju“, *Dagblaðið Vísir* — *DV* 15. ágúst 1989, bls. 12.

¹¹¹ „Meirihluti vill aðskilnað ríkis og kirkju“, *Vikublaðið* 41/1994, bls. 8.

¹¹² Hannes Hólmsteinn Gissurarson, „Kjallarinn: Hvað hefði átt að ræða á Þingvöllum?“, *Dagblaðið Vísir* — *DV* 11. ágúst 1994, bls. 13.

einn umfram aðra. Hins vegar færði hann rök fyrir því að líf og starf kirkjunnar efldist með aðskilnaði.¹¹³

Í desember 1994 gerði Sæmundur Guðvinsson (1945–2005) blaðamaður á *Alþýðublaðinu* „úttekt“ á afstöðu manna til aðskilnaðar. Við það tækifæri lét Kristján Kristjánsson (f. 1959), þá lektor í heimspeki við Háskólann á Akureyri, í ljós þá afstöðu að í fjölhyggjusamfélögum Vesturlanda gæti orkað tvímælis út frá trúfrelsis-sjónarmiðum að hafa „ríkiskirkju“. Þá tilfærði hann almenn „nytjarök“ fyrir að það væri öllum, og þar á meðal kirkjunni sjálfri, til góðs að skilið yrði „[...] mjög ræki-lega á milli ríkis og kirkju“.¹¹⁴ Við sama tækifæri lét Birgir Hermannsson (f. 1963), stjórn málafræðingur og þáverandi aðstoðarmaður Össurar Skarphéðinssonar umhverfisráðherra, svo um mælt að skilja ætti kirkju og ríki að, sökum þess að „trúarbrögð“ væru einkamál fólks en ekki opinbert mál og að ekki ætti að gera trúarbrögðum misjafnlega hátt undir höfði. Taldi hann að Íslendingar almennt skildu ekki slíka aðgreiningu í opinber mál og einkamál sem væri þó til staðar í Frakklandi og Bandaríkjunum. Einkum var honum það þyrnir í augum að helmingur þjóðarinnar væri fylgjandi því að „[...] hafa bænastund í upphafi þingfunda.“¹¹⁵ Átti hann þar líklega við guðsþjónustu við þingsetningu.

Daginn eftir að „úttektin“ birtist var fjallað um aðskilnaðarmálið í leiðara *Alþýðu- blaðsins* og er það annað af tveimur dæmum sem fundist hafa um að málið hafi ratað í forystugrein dagblaðs á tímabilinu og eru bæði úr *Alþýðublaðinu*. Þarna var efni „úttektarinnar“ rakið og getið þeirrar hvatningar stúdenta við Háskóla Íslands að fólk segði sig úr þjóðkirkjunni og styddi þar með Háskólann, sem og „harkalegrar yfirlýsingar“ biskups í kjölfarið. Var ritstjórn blaðsins fylgjandi aðskilnaði og þá einkum af þeim ástæðum að það samræmdest ekki trúfrelsi að ríkið „[...] annist uppihald einnar kirkjudeildar [...]“ enda ættu trúmál ekki að vera í verkahring ríkis- ins.¹¹⁶ Þarna var vísað til tillögu Félags stjórn málafræðinema um úrsögn stúdenta úr þjóðkirkjunni til að bregðast við peningasveldi er Háskólinn hafði búið við.¹¹⁷

Þorbjörn Hlynur Árnason (f. 1954) þáverandi biskupsritari blandaði sér í þessa umræðu í tveimur greinum í *Morgunblaðinu* nokkrum dögum síðar (sjá og aftar). Þar hafnaði hann þeim áhyggjum margra að núverandi þjóðkirkjuskipan bryti í bága við mannréttindi utanþjóðkirkjufólks. Byggði hann það álit sitt á að önnur trúfélög nytu hins sama í fjárhagslegu tilliti og þjóðkirkjan þegar frá væru skildar þær skuld- bindingar sem ríkisvaldið hefði gengist undir er það tók við forræði yfir kirkna- eignum 1907. Vísaði hann þar til sóknargjaldanna sem öll skráð trúfélög nutu. Hinar sérstöku skuldbindingar ríkisins gagnvart þjóðkirkjunni kvað hann einkum felast í að það stæði skil á launagreiðslum til presta, prófafa og biskupa. Þó virðist hann hafa talið að ákvæði stjórnarskrárinnar um að þeir er stæðu utan allra trúfélaga greiddu gjöld til Háskóla Íslands gætu orkað tvímælis út frá mannréttindasjónar- miðum. Í þeirra hópi taldi hann engu að síður að leynast kynnu einhverjir „[...] svarnir andstæðingar mennta og menningar“ er væru ófúsir til að gjalda „lítillræði“

¹¹³ Sama rit, s.st.

¹¹⁴ Sæmundur Guðvinsson, „Úttekt: Lifandi trúfélög eða dollaratrú öfgahópa?“, *Alþýðublaðið* 7. desember 1994, bls. 7.

¹¹⁵ Sama rit, s.st.

¹¹⁶ „Aðskilnaður ríkis og kirkju: „Í allra þágu““, *Alþýðublaðið* 8. desember 1994, bls. 2.

¹¹⁷ „Stúdentar langþreyttir á peningasveldi“, *Morgunblaðið* 26. nóvember 1994, bls. 10. „Harkaleg yfirlýsing“ biskups fannst ekki þrátt fyrir nokkra leit og kann þar að vera vísað til ljósvakamiðla.

til Háskólans! Fyrirkomulagið taldi hann samt mega túlka svo að í því fælist „[...] þjóðarsátt um friðhelgi trúfélaga.“¹¹⁸

Á „stuttu tuttugustu öldinni“ kom aðskilnaðarmálið víðar við sögu en í greinar-skrifum. Er þá ekki síst átt við margháttaða umfjöllun á félagslegum vettvangi. Þess má t.a.m. geta að Félag ungra jafnaðarmanna í Reykjavík gekkst fyrir málfundi um efnið „Þjóðkirkja — eða aðskilnaður ríkis og kirkju?“ í febrúarbyrjun 1957. Fram-sögumenn voru Kristinn Guðmundsson (1897–1987) sendiherra og Hreinn Erlendsson (1935–1997) síðar sagnfræðingur. Auglýst var að ræðurnar yrðu hljóð-ritaðar til að menn gætu hlýtt á mál sitt eftir á og metið hvað betur mætti fara. Sjálf umræðan hefur því e.t.v. fremur verið markmið fundarins en að mótuð yrði efnisleg afstaða til málefnisins.¹¹⁹ Sams konar fundur var svo boðaður í byrjun árs 1960 en þá virðist sjálft málefnið hafa verið í forgrunni.¹²⁰

Framkvæmdanefnd Æskulýðsfylkingarinnar lýsti því svo yfir í nóvember 1965 að vinna bæri að aðskilnaði ríkis og kirkju sem fyrst enda væri slíkur aðskilnaður „[...] nauðsynlegur til að fullnægja ákvæðum stjórnarskrárinnar um trúfrelsi.“¹²¹ Tilfni þessarar samþykktar var að 15. almenni kirkjufundurinn hafði skömmu áður vítt „[...] einn af æðstu starfsmönnum íslensku þjóðkirkjunnar [...]“ fyrir sakir sem væru „[...] ekki um of skiljanlegar [...]“ öllum þorra landsmanna.¹²² Hér var vísað til þess að kirkjufundurinn hafði ályktað að vítavert væri að embættismenn þjóðkirkjunnar „[...] fari óvirðingarorðum í ræðu og riti um vora heilögu kirkju, þær kenningar hennar eða það starf hennar, sem er ótvírætt í samræmi við Guðs orð.“¹²³ Með ályktuninni var einkum brugðist við skrifum Jóns Auðuns (1905–1981) dóm-prófasts í *Morgunblaðið* skömmu áður.¹²⁴

Árið 1989 var í fyrsta sinn efnt til borgaralegrar fermingar hér á landi. Í kjölfarið kom til nokkurra skoðanaskipta um veraldlega notkun orðsins ferming og hvort einskorða bæri það við kirkjulegar athafnir.¹²⁵ Einnig var áformuð frekari þróun borgaralegra athafna hér.¹²⁶ Hope Knúttsson (f. 1943), sem þá titlaði sig samhæf-ingarstjóra borgaralegra ferminga á Íslandi, mótmælti einokun þjóðkirkjunnar á heiti athafnarinnar og lét í framhaldinu í ljós eftirfarandi afstöðu til þjóðkirkju-skipanar:

¹¹⁸ Þorbjörn Hlynur Árnason, „Á að skilja að ríki og kirkju? Síðari grein“, *Morgunblaðið* 17. desember 1994, bls. 36.

¹¹⁹ „Málfundur FUJ annað kvöld“, *Afþýðublaðið* 6. febrúar 1957, bls. 8.

¹²⁰ „FUJ-félagar“, *Afþýðublaðið* 12. janúar 1960, bls. 14.

¹²¹ „ÆF vll [svo] aðskilnað ríkis og kirkju“, *Þjóðviljinn* 14. nóvember 1965, bls. 2. Róttækir menn voru þó síður en svo alltaf fylgjandi aðskilnaði. Síðla árs 1972 tók Ólafur R. Einarsson (1943–1983) sagnfræðingur t.d. þátt í pallborðs-umræðum á ráðstefnu landsmálafélagsins *Vardar* um trúmál. Taldi hann að í tengslum við ríkið svæfi kirkjan værum svefni en áleit að hún myndi vakna „[...] til óæskilegrar hreyfingar“ ef til aðskilnaðar kæmi. ÞJM, „„Ekki æskilegt að vekja kirkjuna af værum svefni“ — var álit Ólafs R. Einarssonar þegar rætt var um aðskilnað ríkis og kirkju á Vardar-fundi um trúmál“, *Vísir* 27. nóvember 1972, bls. 20. Sams konar afstaða hefur komið fram meðal íslenskra stjórnmalámanna bæði til hægri og vinstri allt fram á síðari tíma. Hlýtur sjónarmiðið að teljast íhaldssamt frá trúarréttarlegu sjónarmiði.

¹²² „ÆF vll [svo] aðskilnað ríkis og kirkju“, bls. 2.

¹²³ „Kirkjufundurinn“, *Morgunblaðið* 28. nóvember 1965, bls. 8.

¹²⁴ „Hinn almenni kirkjufundur vítur Jón Auðuns dómprófast“, *Þjóðviljinn* 10. nóvember 1965, bls. 1 og 3.

¹²⁵ Sjá Bernharður Guðmundsson, „Borgaraleg „ferming“: Athugasemd frá Biskupsstofu“, *Morgunblaðið* 15. apríl 1989, bls. 16.

¹²⁶ „Aðstandendur borgaralegrar fermingar ræða áframhaldandi starf“, *Afþýðublaðið* 19. maí 1989, bls. 6.

Þjóðkirkja er ekki við hæfi í nútíma lýðræðisþjóðfélagi. Hún er arfur frá konungsveldum fyrri alda. Umboðsmaður Alþingis hefur bent á að í stjórnarskrá Íslands eru ekki nógu skýr og ítarleg ákvæði varðandi ýmis mannréttindi, m.a. trúfrelsi, sem mannréttindasáttmáli SP tryggir. Lýðræðissinnuðu fólki ber að þrýsta á að þessu verði breytt.¹²⁷

Hope taldi að aðskilnaður ætti ekki að verða áfall fyrir trúarlífið í landinu. Í kjölfar hans yrði lútherska kirkjan „[...] að leggja það á sitt fólk að standa á eigin fótum [...]“ og áleit það mundi styrkja kirkjuna og starfsemi hennar.¹²⁸ Í ábendingu umboðsmanns Alþingis sem vísað er til kom fram að trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar (63. og 64. gr.) ásamt ákvæðum hennar um friðhelgi heimilisins (þáv. 66. gr., núv. 71. gr.), um prentfrelsi (þáv. 72. gr., núv. 73. gr.) og félagafrelsi (þáv. 73. gr., núv. 74. gr.) heftu vald löggjafans ýmist í engu eða að takmörkuðu leyti.¹²⁹

Björgvin Brynjólfsson (1923–2007) fyrrv. sparisjóðsstjóri á Skagaströnd fagnaði borgaralegu fermingunni. Hann hafði sjálfur áratugum áður hafnað því að fermast þrátt fyrir þungan þrýsting á þeirri tíð. Hann undraðist hve hljótt hefði verið um trú- og kirkjumál hér á landi, þar á meðal trúfrelismál. Áleit hann að trúfrelsisákvæði stjórnarskrárinnar ætti að vera undirstaða þess að allir trúflokkar sem störfuðu á landinu á hverjum tíma ættu að hafa sömu lagalegu stöðu gagnvart ríkinu. Þá kvað hann verndaða miðstýringu ekkert betri í trúmálum en veraldlegum stjórnámálum, sem og að einokun og sérréttindi þjóðkirkjunnar væri engum til gagns og sóma og fráleitt væri að ætla að aðskilnaður ríkis og kirkju yrði áfall fyrir trúarlíf þjóðarinnar. Loks skoraði hann á stjórnmalaflokkana sem lýðræðissinnaða flokka að rjúfa samband ríkis og kirkju á þúsund ára afmæli kristnihalds í landinu en það taldi hann tryggja trúfrelsi í framkvæmd og væri það „eftirminnileg aldamóttagjöf til þjóðarinnar“.¹³⁰ Björgvin átti oftast eftir að tjá sig um aðskilnaðarmál. Vorid 1994 gagnrýndi hann t.d. þátt er verið hafði á dagskrá Sjónvarpsins um aðskilnað. Taldi hann að í þættinum hefði gætt mikillar slagsíðu gegn aðskilnaði. Þá hefði ekki verið tekið tillit til þess að í skóðanakönnun Gallups skömmu áður hefðu 55 af hundruði þátttakenda lýst sig fylgjandi aðskilnaði, fjölmenn stjórnmalasamtök eins og Samband ungra sjálfstæðismanna og Alþýðubandalagið lýst yfir stuðningi við málið og samtök verið stofnuð um málefnið, svo sem Siðmennt og Samtök um aðskilnað ríkis og kirkju.¹³¹

Árið 1990 höfðu verið stofnuð samtök áhugafólks um borgaralegar athafnir svo sem nafngiftir, fermingar og greftranir. Hlutu þau heitið Siðmennt. Í stefnuskrá samtakanna kom fram að félagar í þeim litu svo á að maðurinn bæri sjálfur ábyrgð á velfarnaði sínum en ekki æðri máttarvöld. Þá tækju samtökin afstöðu gegn öllum „[...] trúarlegum bábiljum og gervivísindum“ ásamt forræðishyggju. Ennfremur ætluðu þau að beita sér fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju og berjast auk þess fyrir afnámi lagaákvæða er mismunuðu þeim er stæðu utan trúfélaga.¹³² Ári síðar (1991)

¹²⁷ Hope Knúttsson, „Kirkjan hefur ekki einkaleyfi á orðinu „ferming““, *Morgunblaðið* 11. maí 1989, bls. 18.

¹²⁸ Sama rit, s.st. Sjá og „Aðstandendur borgaralegrar fermingar ræða áframhaldandi starf“, bls. 6.

¹²⁹ Jafnframt benti umboðsmaður á að ársins 1989 yrði víða minnst sem merks áfanga í sögu mannréttinda og að vel væri við hæfi að ríkisstjórn og Alþingi minnst þess með átaki til verndar mannréttindum. Álit og bréf: Mannréttindi — Ábending um ófullkomin ákvæði til verndar mannréttindum í íslenskum lögum (Mál nr. 70/1988), *umbodsmadur.is*, sótt 15. maí 2019 af <https://www.umbodsmadur.is/alit-og-bref/mal/nr/786/skoda/mal/>.

¹³⁰ Björgvin Brynjólfsson, „Kjallarin: Þjóðkirkjan og ríkið“, *Dagblaðið Vísir* — DV 14. apríl 1989, bls. 15.

¹³¹ Björgvin Brynjólfsson, „Skóðanaskipti eða hvað?“, *Morgunblaðið* 29. apríl 1994, bls. 48. Í bréfi B.B. misritaðist prósentutalan vissulega. Sjá „Leiðréttingar: 55, en ekki 5“, *Morgunblaðið* 4. maí 1994, bls. 42.

¹³² „Borgaraleg ferming: Siðræn menntun einstaklinga“, *Þjóðviljinn* — *Fermingar* 29. mars 1990, bls. 4.

kynnti félagið sig skýrar sem málsvara siðræns húmanisma.¹³³ Gísli Gunnarsson (f. 1938) sagnfræðingur og varaformaður samtakanna kvað þó að vissulega gætti mismunandi afstöðu í aðskilnaðarmálinu meðal félagsmanna.¹³⁴ Síðar þetta sama ár efndi Siðmennt til fundar um borgaralegar útfarir og aðskilnað ríkis og kirkju. Um síðara málefnið sagði að tekið væri fram í stefnuskrá Siðmenntar að aldrei mætti skerða trúfrelsi fólks en það væri gert ef eitt trúfélag hefði forréttindi umfram önnur.¹³⁵

Nokkrum árum síðar, eða haustið 1994, voru ný samtök stofnuð og þá sérstaklega um aðskilnaðarmálið. Nefndust þau Samtök um aðskilnað ríkis og kirkju (SARK). Hafði undirbúningur þá staðið í tvö ár. Stofnfélagar voru á fimmta tug og komu úr mismunandi stjórn málaflokkum og stóðu ýmist utan allra trúfélaga eða tilheyrðu einhverju slíku. Var Björgvin Brynjólfsson kosinn fyrsti „oddviti“ eða formaður samtakanna.¹³⁶ Baráttumál SARK var að auka lýðræði og jafnrétti í trúmálum með því að 62. gr. stjórnarskrárinnar væri felld niður, sem og önnur þau lög sem tryggðu þjóðkirkjunni sérréttindi umfram önnur trúfélög.¹³⁷ Af einstökum baráttumálum ber auk þess að nefna að „trúarleg innræting“ í grunnskólum yrði afnumin, grafreitir yrðu færðir undir forsjá sveitarfélaga, fólk er staði utan þjóðkirkju gæti sjálfst ákveðið hvert ígildi sóknargjalda þess rynni í stað þess að það færi allt til Háskóla Íslands, að hætt yrði sjálfkrafa skráningu barna í trúfélag við fæðingu og loks að guðfræðideild Háskóla Íslands yrði breytt í trúarbragðafræðideild.¹³⁸ Við þetta tækifæri var bent á að samkvæmt skoðanakönnun Gallups vorið 1994 hefðu 48% aðhyllst aðskilnað, 39% óbreytt ástand en 13% ekki tekið afstöðu. Í ágúst sama ár hefðu 52% verið með aðskilnaði, 32% með óbreyttu ástandi en 16% ekki tekið afstöðu. Ef aðeins væri tekið tillit til þeirra sem lýstu yfir skoðun í málinu hefði hlutfall þeirra sem fylgdu aðskilnaði verið 62%.¹³⁹

Með aðskilnaði af fjárhagsástæðum

Sparnaður og önnur fjárhagsrök voru á stundum færð fyrir aðskilnaði. Oft var þeim beitt sem viðbótarrökum. Fyrir kom þó að fjármálin vægju þyngst.

Í blaðinu *Íslendingi* á Akureyri var snemma árs 1922 fjallað um fjárlagafrumvarp fyrir árið 1923 og í því sambandi getið ýmissa liða þar sem sýna mætti aukið aðhald. Var m.a. talin fækkun og sameining embætta, sendiráð Íslands í Kaupmannahöfn og „lærðir veðurvindhanar“ en Veðurstofa Íslands hafði tekið til starfa tveimur árum áður. Loks var vikið að kostnaði ríkisins af „andlegu stéttinni“ sem nam að

¹³³ Helgi M. Sigurðsson, „Húmanismi í stað trúar“, *Þjóðviljinn* 1. október 1991, bls. 6.

¹³⁴ „Borgaraleg ferming: Siðræn menntun einstaklinga“, bls. 4.

¹³⁵ „Borgaralegar útfarir: Aðskilnaður ríkis og kirkju“, *Dagblaðið Vísir — DV* 20. nóvember 1990, bls. 28; „Siðmennt félag áhugafólks um borgaralegar athafnir“, *Morgunblaðið* 22. nóvember 1990, bls. 10.

¹³⁶ „Meirihluti vill aðskilnað ríkis og kirkju“, bls. 8.

¹³⁷ Sem röksemd í þessu sambandi spurði fyrsti formaður SARK hvernig brugðist yrði við ef einn stjórn málaflokkur nyti sömu forréttinda umfram aðra og þjóðkirkjan umfram önnur trúfélög. „Meirihluti vill aðskilnað ríkis og kirkju“, bls. 8.

¹³⁸ Sama rit, s.st.

¹³⁹ Sama rit, s.st.

sögn 280.000 kr. Taldi sá er greinina ritaði þetta sýna að tími væri kominn á aðskilnað ríkis og kirkju og að þeir söfnuðir sem vildu hafa prest kostuðu hann sjálfir.¹⁴⁰

Greinarhöfundur sem kallaði sig „F.“ brást 1925 til varnar við gagnrýni framsóknarmanna á stefnu Íhaldsflokksins (1924–1929) í skattamálum í málgangi hans, *Verði*, undir ritstjórn Kristjáns Albertssonar (1897–1989). Þar ræddi hann m.a. framkomna tillögu ópólitískrar nefndar um sparnaðarmál er í áttu sæti Lárus H. Bjarnason hæstaréttardómari (form. nefndarinnar), Guðmundur Hannesson (1866–1946) prófessor, Ólafur Briem (1851–1925) stjórnarformaður SÍS sem var látinn er greinin birtist, Þorsteinn Þorsteinsson (1880–1979) síðar Hagstofustjóri og Guðmundur Sveinbjörnsson (1871–1950) skrifstofustjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu. Hafði nefndin lagt til mikla hækkun á prestgjaldi en það var sá hluti sóknargjalds sem rann til prestlaunasjóðs og þjóðkirkjumenn greiddu einir eftir stjórnarskrárbreytinguna 1915.¹⁴¹ Greinarhöfundur benti á að tillagan um hækkunina hefði það meginmarkmið að þjóðkirkjufólk kostaði í auknum mæli prestsþjónustuna í þjóðkirkjunni. Að því marki hafði einmitt stjórnarskrárbreytingin sem þáttaskilum olli í aðskilnaðarumræðunni miðað en hún byggðist á því sjónarmiði að ósamngjarnt væri að skylda menn til að bera kostnað við guðsþjónustu sem væri „[...] ósamkvæm þeirra eigin trú eða helgihaldi“.¹⁴² Höfundur benti á að utanþjóðkirkjufólk hefði vissulega aldrei krafist að þeirri stefnu væri fylgt út í æsar á þann hátt að alls engir fjármunir rynnu úr landssjóði til þjóðkirkjunnar. Auk þess áskildi stjórnarskráin henni sérstakan stuðnings ríkisvaldsins. Þrátt fyrir það áleit „F.“ sanngirnismál að tillaga á borð við þá sem fram væri komin næði fram að ganga. Reiknaðist honum svo til að við óbreyttar aðstæður kæmu 4/5 hlutar af uppbótartekjum prestlaunasjóðsins frá hinu opinbera er tæki fjármunina af sköttum allra greiðenda, þar á meðal þeirra sem væru utan þjóðkirkju. Kvað greinarhöfundur tillöguna fela í sér að ríkissjóður bæri áfram 3/5 hluta þessa kostnaðarliðar en þjóðkirkjufólk það sem upp á vantaði.¹⁴³ Ef sú leið væri ekki farin að velta kostnaðinum við prestlaunin í auknum mæli yfir á þjóðkirkjufólk væri mögulegt að bregðast við vandanum með tvennum hætti: Að skilja að ríki og kirkju og koma á þeirri skipan að hvert kirkjufélag kostaði einsamalt prestsþjónustu sína eða að öðrum kosti að ríkissjóður tæki einnig þátt í launakostnaði annarra trúfélaga en þjóðkirkjunnar. Ekki tók greinarhöfundur afstöðu til þessara tveggja kosta en benti á að hér væri um kirkjumál að ræða sem ekki mætti blanda saman við stefnu einstakra flokka í skattamálum.¹⁴⁴

Bein stefna róttækra vinstrimanna til aðskilnaðar kom einna fyrst fram í frétt í *Verklyðsblaðinu* [svo] sem gefið var út af Kommúnistaflokki Íslands 1930–1936. Í mars 1932 flutti blaðið frétt frá þingmálafundi á Siglufirði þar sem fundarmenn voru á að giska 300. Þar var m.a. svohljóðandi tillaga samþykkt með öllum greiddum atkvæðum ásamt fleiri tillögum um tolla, skatta og niðurskurð á fjárlögum. Meðal sparnaðarkrafanna var þessi sem laut að ýmsum óþörfum útgjöldum:

¹⁴⁰ Blaðið var stofnað af Sigurði Einarssyni [Hlíðar] (1885–1962), dýralækni og þingmanni Sjálfstæðisflokksins (1937–1949), það hafði gengið kaupum og sölum undanfarin ár en var nú ritstýrt af Gunnlaugi Tryggva Jónssyni (1888–1949) bóksala. „Fjárlögin 1923“, *Íslendingur* 12/1922, bls. 43.

¹⁴¹ F., „Stefnur í skattamálum“, *Vörður* 29/1925, bls. 1.

¹⁴² Sama rit, s.st.

¹⁴³ Sama rit, s.st. Að stofni til voru tekjur prestlaunasjóðs afrakstur af fornum kirknaeignum. Þar sem hann hrökk ekki til komu prestgjöldin og loks framlög úr lands- eða ríkissjóði. Hér kallast tveir seinni liðirnir uppbótartekjur þótt það eigi ekki vel við prestgjaldið sem var arftaki að prestshluta tíundar.

¹⁴⁴ Sama rit, s.st.

Ennfremur krefst fundurinn þess að ýmis útgjöld til yfirstéttarinnar verði afnumin. [svo] svo sem: Borðfé konungs, allskonar bitlingar, kostnaður við Alþingi og ríkisstjórn verði lækkaður, fullkominn aðskilnaður ríkis og kirkju og þar með útgjöldin til andlegu stéttarinnar, laun hálaunaðra embættismanna verði lækkuð [...] og allar greiðslur vegna Íslandsbanka verði stöðvaðar.¹⁴⁵

Fé sem þannig sparaðist skyldi varið til að hækka laun hinna lægst launuðu meðal verkamanna og starfsmanna ríkisins og til að bæta úr atvinnuleysi. Tveimur árum síðar var aðskilnaður ríkis og kirkju og afnám trúarbragðakennslu í skólum svo meðal stefnumála Baráttusamfylkingar verkalyðsins undir forystu Kommúnistaflokks Íslands.¹⁴⁶

Pétur Jakobsson, sem fyrr var nefndur, tjáði sig einnig um aðskilnað 1955 og þá að afstöðnu sex vikna verkfalli.¹⁴⁷ Að þessu sinni nálgadist hann málið einkum út frá fjárhagshliðinni. Viðraði hann nú þá skoðun að vandi Íslendinga væri öðru fremur útgjaldavandi eða óhagsýni í notkun þess fjár sem ríkið aflaði.¹⁴⁸ Taldi hann kirkjuna mikla „kyrrstöðustofnun“ sem þó kostaði þjóðarbúið um 10 milljónir á ári og var þeirrar skoðunar að skilja hefði átt að ríki og kirkju um leið og uppeldis- og kennslumálin voru aðskilin frá kirkjunni með fræðslulögunum 1907 eða fyrir hart nær fimmtíu árum.¹⁴⁹ Í því sambandi benti hann á mikinn kostnað við kirkjustjórnina. Þar á meðal fjallaði hann um biskupsembættið er hann taldi óþarft þar sem kirkjumálaráðuneytið gæti farið með flestöll málefni kirkjunnar ef frá væru taldar prestsvígslur. Þær áleit hann á hinn bóginn vera kaþólskan sið sem engan rétt ætti á sér í lútherskri kirkju. Presta mætti setja inn í embætti án vígslu og væri „[...] meira en mál komið til þess að leggja slíka hégómadyrð niður [...]“ sem vígslan væri.¹⁵⁰ Hér gæti Pétur hafa gengið út frá lágkirkjulegu eða reformertu sjónarhorni, sem einnig kom fram í afstöðu hans til messuskrúðans er hann taldi óþarfa þrjál. Nær sanni er þó að hjá honum hafi gætt andtrúarlegrar afstöðu (sjá framar).¹⁵¹

Þremur áratugum síðar, eða haustið 1985, benti aðalfundur Félags ungra jafnaðarmanna á að mögulegt væri að spara ríkissjóði hátt á annað hundrað milljónir króna með aðskilnaði ríkis og kirkju. Ályktuðu fundarmenn eftirfarandi:

Fundurinn telur einsýnt, að þá fyrst reynir á trúhneigð landsmanna, að þjóðkirkjan standi á eigin fótum. Fundurinn leggur því til að kirkjan verði aðskilin frá ríkinu, verði gerð að sjálfstæðri stofnun og skapi sér eigin rekstrargrundvöll.¹⁵²

Fáum dögum síðar var samþykktinni svo fylgt eftir í svokölluðum „Sunnudagsleiðara“ á forsíðu Alþýðublaðsins og var þar hvatt til að kirkjuþing, sem þá stóð fyrir dyrum, tæki málið fyrir og ræddi þar um valdaleysi og ósjálfstæði kirkjunnar í eigin fjármálum en jafnframt það sóknarfæri sem hún hefði vegna þess að frjórri jarðvegur væri nú fyrir starf hennar meðal ungs fólks en lengi hefði verið. Var kirkjan talin geta sótt sér allt það vald sem hún vildi í fjármálum sem á öðrum

¹⁴⁵ „Þingmálafundur á Siglufirði: Alþýðan fylkir sér um kröfur Kommúnistaflokksins“, *Verkefðsblaðið* 13/1932, bls. 2. Sjá „Fundargerð“ [fyrsti hluti], *Verkamaðurinn* 17/1932, bls. 2.

¹⁴⁶ „Baráttusamfylking verkalyðsins“, *Verkefðsblaðið* 24/1934, bls. 1 og 4, hér 1.

¹⁴⁷ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, Reykjavík: Sögufélag, 2003, bls. 317–318.

¹⁴⁸ Pétur Jakobsson, „Að afstöðnu verkfalli“, bls. 4.

¹⁴⁹ Sama rit, bls. 7. Sjá og Pétur Jakobsson, „Skilnaður ríkis og kirkju“, bls. 7.

¹⁵⁰ Pétur Jakobsson, „Að afstöðnu verkfalli“, bls. 7.

¹⁵¹ Sama rit, s.st.

¹⁵² „Aðalfundur Félags ungra jafnaðarmanna í Reykjavík: Skrípaleikur íhaldsins getur reynst þjóðinni dýrkeyptur“, *Alþýðublaðið* 16. október 1985, bls. 4 og 3, hér 3.

sviðum með því að fórna „[...] því öryggi, sem sumir kalla ríkisframfærslu“ með aðskilnaði en í því efni yrði kirkjan sjálf að hafa frumkvæði.¹⁵³

Haustið 1989 ritaði Helgi Hauksson nemi (óþekktur að öðru leyti) kjallaragrein í *DV* þar sem hann mælti með að aðskilnaður ríkis og kirkju yrði gerður að fullu og öllu í sparnaðarskyni. Benti hann ráðamönnum á að einn „áhafnarmedlimur“ þjóðarskútunnar gerði ekkert gagn þar sem væri presturinn. Áskoruninni fylgdi hann svo eftir með gagnrýni á kirkjustofnunina fremur en persónulegt trúarlíf. Kvað Helgi þannig álitamál hvort kristnir menn næðu verra eða betra sambandi við Guð sinn í „[...] ríkisrekinni kirkju eða í einhverju guðshúsi í einkaeign.“¹⁵⁴

Á öndverðum lokaáratug 20. aldar tók loks að heyrast m.a. úr röðum presta að slíta bæri sambandi ríkis og kirkju en þá vegna slæmra kjara þeirra sem neyddu presta m.a. til að leita sér aukastarfa til að bæta tekjur sínar. Við aðskilnað var talið að þeir mundu einnig öðlast aukið frelsi m.a. til að gagnrýna stjórnvöld.¹⁵⁵

Ekki voru samt allir á einu máli um að vert væri að skilja að ríki og kirkju af fjárhagsástæðum. Sumarið 1981 ritaði Kristinn Snæland (1935–2017) kjallaragrein í *Vísir* og brást þar við nýlegu viðtali í helgarblaði *Vísis* við Geir Waage (f. 1950) sóknarprest í Reykholti þar sem hann kvaðst ekki hafa rekið sig á stuðning ríkisins við þjóðkirkjuna og að illa væri að henni búið, ekki síst fjárhagslega.¹⁵⁶ Benti Kristinn í grein sinni á ýmsan beinan og óbeinan fjárhagsstuðning í þessu efni.¹⁵⁷ Sjálfur kvaðst hann væntanlega mundu hafna aðskilnaði að vel yfirveguðu ráði ef til ætti að taka. Ástæðuna sagði hann þá að frjáls og óháð kirkja yrði að bjarga sér sjálf og hann óttaðist að prestar og söfnuðir mundu tileinka sér vafasamar fjáröflunarleiðir þegar á reyndi. Það rökstuddi hann með að kirkjan hefði beitt ýmsum bellibrögðum við eignaöflun fyrr á tíð.¹⁵⁸

Sigurður Sigurðarson (1944–2010), þá sóknarprestur á Selfossi en síðar vígslubiskup, andæfði einnig á öndverðu ári 1993 hugmyndum um aðskilnað ríkis og kirkju til að spara ríkissjóði peninga en af öðrum ástæðum en Kristinn Snæland. Benti hann á að kæmi til aðskilnaðar mundi það hafa frekari breytingar í för með sér. Þar á meðal taldi hann að ríkisvaldið yrði að skila aftur kirknaeignunum, hætta að hafa nokkur áhrif á starf kirkjunnar sem og að þiggja þjónustu hennar. Þá yrði hætt innheimtu sóknargjalda fyrir öll trúfélög sem þeirrar þjónustu nytu, auk þess sem endurskoða þyrfti alla löggjöf um trúfélög í landinu. Loks benti hann á að aðskilnaður mundi ekki leysa menn „[...] úr þeim vanda að þurfa að taka afstöðu til sambúðar ríkis og kirkju“ sem móta þyrfti á grundvelli sögunnar og reynslunnar í landinu.¹⁵⁹

¹⁵³ „Sunnudagsleiðari: Kirkjuþing þarf að ræða um aukið sjálfstæði kirkjunnar“, *Alþýðublaðið* 19. október 1985, bls. 1.

¹⁵⁴ Helgi Hauksson, „Kjallarinn: Aðskilnaður ríkis og kirkju — Leið til sparnaðar“, *Dagblaðið Vísir — DV* 5. september 1989, bls. 15. Skömmu síðar ritaði Ólafur Pálsson lesandabréf í sama blað þar sem hann brýndi presta til að svara gagnrýni Hauks a.m.k. um fækkun kirkjulegra hjónavígsla (um þriðjung frá 1974) og þverrandi kirkjusókn. Ólafur Pálsson, „Gerir presturinn ekkert gagn?“, *Dagblaðið Vísir — DV* 15. september 1989, bls. 12.

¹⁵⁵ Sigurður Ægisson, „Kjallarinn: Skilnað, takk!“, *Dagblaðið Vísir — DV* 7. september 1992, bls. 15. Sjá og Kristján Þorvaldsson, „Vegna köllunarinnar er hægt að pína presta“, *Morgunblaðið* 24. júní 1990, bls. 18–19, hér 19.

¹⁵⁶ E.J., „Ég held að fyrirheit Krists séu áreiðanleg: Séra Geir G. Waage í Helgarblaðsviðtalinu“, *Vísir — Helgarblað* 25. júlí 1981, bls. 18–19.

¹⁵⁷ K.S. hafði gegnt ýmsum störfum m.a. í eigin atvinnurekstri og var þekktur áhugamaður um félagsleg málefni. Kristinn Snæland, „Neðanmáls: Ríki og kirkja“, *Vísir* 17. ágúst 1981, bls. 8.

¹⁵⁸ Sama rit, s.st.

¹⁵⁹ Sigurður Sigurðarson, „Samband ríkis og kirkju“, *Morgunblaðið* 12. febrúar 1993, bls. 13.

Með aðskilnaði af félags- og kirkjulegum ástæðum

Vorið 1961 ritaði Helgi Sæmundsson viðamikla grein um stöðu þjóðkirkjunnar í *Víkuna* og lagði þar áherslu á að kirkjan ætti að vera lífræn og starfandi „þjóðstofnun“ þar sem „sannan guðdóm“ væri að finna og yxi „[...] af sjálfri sér í hjálpræði og starfi.“¹⁶⁰ Þrátt fyrir þetta guðfræðilega orðalag byggði hann fremur á félags- og sögulegum forsendum en guðfræðilegum. Helgi taldi kirkjuna vart megna að rækja hlutverk sitt við ríkjandi aðstæður og taldi að aðskilnaður gæti orðið til góðs í því efni. Hann kvaðst persónulega vera vinveittur „[...] skynsamlegum og frjálslýndum kristindómi [...]“ en jafnframt trúfrelsi.¹⁶¹ Taldi hann að menn hefðu almennt raunverulega trúarþörf og að kirkjan hefði ríkum skyldum að gegna við þjóðina af þeim sökum. Um það efni sagði hann:

Hún [kirkjan] þyrfti vissulega að endurfæðast, því að trúarþörf Íslendinga er annað og meira en yfirskin. Þeim árangri mætti kannski ná með aðskilnaði ríkis og kirkju? Svo mikið er minnsta kosti víst, að kirkjan gengur varla í endurnýjungu gamalla lífdaga sinna af tilviljun.¹⁶²

Áður fyrr kvað Helgi marga hafa verið aðskilnaði fylgjandi til að hnekkja valdi kirkjunnar. Í seinni tíð kvað hann ýmsa á hinn bóginn telja að aðskilnaður mundi að nýju auka áhrif og virðingu kirkjunnar sem hefði hrörnað og einangrast eins og kæmi fram í lítilli kirkjusókn nema við einstöku tækifæri líkt og á stórhátíðum eða við fermingar og einstöku jarðarfarir.¹⁶³ Hann kenndi kirkjunni sjálfri að verulegu leyti um þessa þróun og taldi að lausnin fælist í að kirkjan gengi úr vistinni hjá ríkinu:

Þess vegna er varla álitamál að aðskilja ríki og kirkju, ekki til að þrengja kost kirkjunnar í landinu eða láta hana gjalda varhugaverðrar íhaldssemi — heldur til að reyna að bjarga henni. Hún lifir það af, ef drengilega er kvaðzt og skilið, en hún þolir ekki niðurlægingu sína öllu lengur.¹⁶⁴

Helgi óttaðist að aðskilnaður tæki einhvern tíma og áleit nauðsynlegt að kirkjan beitti sér í millitíðinni fyrir að það hvítleiðasta í fari hennar yrði leiðrétt og að ríkið fyrir sína parta setti henni og þjónum hennar „[...] skilyrði vegna samfélagsins.“¹⁶⁵ Meðal þess sem hann taldi kirkjuna verða að breyta var val á prestum þar sem almennar prestskosningar, sem þá voru viðhafðar, sköðuðu kirkjuna. Ríkið áleit hann aftur á móti þurfa að sporna gegn því að prestsetur, oft fornfræg höfuðból, grotnuðu niður í höndum hirðulausra presta.¹⁶⁶

Helgi áleit að kirkjunnar mönnum bæri ekki síst sjálfum að vinna að aðskilnaðinum:

Þeir ættu að hafa forustu um endurreisn þjóðstofnunarinnar, sem er að deyja í höndum þeirra. En skorti þá hug og dug til að beita sér fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju vegna þess að þeir vilji halda málum sínum í aumkunarverðri próventu, ber ríkinu skylda til að vinna verkið og freista þess að bjarga íslensku kirkjunni úr niðurlægingu hennar.¹⁶⁷

Helgi Sæmundsson var því á öndverðum meiði við það íhaldssama sjónarmið sem löngum hefur gætt að viðhalda beri ríkistengslunum til að koma í veg fyrir endurnýjun kirkjunnar. Skrif hans eru gott dæmi um að eindregið fylgi við aðskilnað

¹⁶⁰ Helgi Sæmundsson, „Niðurstetningur á ríkisheimilinu“, bls. 18–19.

¹⁶¹ Sama rit, s.st.

¹⁶² Sama rit, bls. 18–19, sjá og 30.

¹⁶³ Sama rit, bls. 18–19.

¹⁶⁴ Sama rit, s.st.

¹⁶⁵ Sama rit, s.st.

¹⁶⁶ Sama rit, bls. 18–19 og 30.

¹⁶⁷ Sama rit, bls. 30.

var síður en svo alltaf hluti af andkirkjulegum sjónarmiðum eins og ýmsir andstaðingar breytingarinnar hafa haldið fram bæði fyrir og síðar. Þvert á móti voru rök hans fyrir aðskilnaði að verulegu leyti á kirkjulegum nótum og hann hafði hag kirkjunnar í huga. Að hans mati var þjóðkirkjan þó ekki aðeins trúarstofnun heldur einnig „þjóðstofnun“. Hlýtur að mega skilja það svo að átt sé við stofnun sem átt hafi langa sögulega samleið með þjóðinni og hafi jafnframt gegnt mikilvægu félags- og menningarlegu mótunarhlutverki meðal hennar. Má í því sambandi benda á að á ýmsum tímum hefur verið rætt um „þjóðkirkju á Íslandi í þúsund ár“.¹⁶⁸ Þá er þjóðkirkjuhugtakið ekki notað í stofnunar- og lögfræðilegri merkingu eins og oftast þegar rætt er um aðskilnað ríkis og kirkju heldur er átt við meirihlutakirkjuna í landinu á hverjum tíma án þess að tillit sé tekið til játningargrundvallar eða stjórnskipulegrar stöðu hennar. Þar með hafnar hið félags- og menningarlega hlutverk kirkjunnar í forgrunni í stað hins trúarlega. Má líta á skrif Helga um „þjóðstofnunina“ sem orðræðu af sama tagi út frá veraldlegu sjónarhorni.

Á öndverðum tíunda áratug 20. aldar hreyfði Ólína Þorvarðardóttir (f. 1958), þá borgarfulltrúi í Reykjavík, þeirri skoðun að tengsl ríkis og kirkju drægju úr þrótti kirkjunnar sem samfélagsstofnunar líkt og Helgi Sæmundsson hafði gert þrjátíu árum áður. Um það mál ritaði hún m.a.:

Á Íslandi er þjóðkirkjan ofurseld hinu veraldlega valdi. Afkoma hennar er háð afstöðu og velvild ríkisins. Þetta stingur að sjálfsögðu þagnarkefli upp í forsvarsmenn kirkjunnar sem eiga undir fjárveitingavaldi hins opinbera. Fyrir vikið lætur kirkjan opinbert siðferði afskiptalaust og leggur hvergi dóm á athafnir valdhafanna. Henni er m.ö.o. vísað út í horn og sagt að hún sé stikkfrí.¹⁶⁹

Til samanburðar benti Ólína á að öflugt samfélagsstarf (*diakónía*) flestra sjálfstæðra eða frjálsra trúfélaga áynni þeim trúverðugleika og þar með aukins fylgis.¹⁷⁰ Þrátt fyrir þetta lét hún ekki í ljós afstöðu til aðskilnaðar ríkis og kirkju öfugt við það sem Helgi Sæmundsson hafði gert.

Við kirkjulegan tón kvað aftur á móti hjá Jakobi Ágústi Hjálmarssyni (f. 1947), sem þá var sóknarprestur á Ísafirði og síðar dómkirkjuprestur, en sumarið 1986 ritaði hann viðamikla grein í *Morgunblaðið* um stöðu þjóðkirkjunnar með tilliti til lúthersks kirkjuskilnings (e. *ecclesiology*). Hið beina tilefni greinarinnar var norræn ráðstefna um þjóðkirkjumálefni er hann hafði setið nokkru áður.¹⁷¹ Niðurstaða hans var að stefna bæri að aðskilnaði ríkis og kirkju á þann hátt að kirkjan yrði „[...] sjálfstætt og frjálst trúfélag í íslenska þjóðfélaginu.“¹⁷² Rökin sem hann færði fyrir þessari skoðun voru að þjóðkirkja í þeirri mynd sem hún hefði þróast á Norðurlöndum almennt og á Íslandi sérstaklega væri aðeins bráðabirgðafyrirkomulag sem að hans mati ætti þegar fleiri ár að baki en fram undan væru. Helsta ástæða þeirrar framtíðarsýnar var sífellt meiri „fjölgreining“ í samfélaginu. Taldi hann í senn mikilvægt að þjóðkirkjan byggji við sem mest sjálfstæði til að hún gæti rækt hlutverk sitt og uppfyllt „kennimörk“ sín sem kristinnar kirkju, sem og að trúfélögin í landinu fengju

¹⁶⁸ Sjá m.a. Karl Sigurbjörnsson, *Þjóðkirkja í þúsund ár*, Reykjavík: Biskupsstofa og Skálholtsútgáfan, 1998, bls. 2–3.

¹⁶⁹ Ólína Þorvarðardóttir, „Kirkjan í samfélaginu: Lifandi afl eða steinrunnin stofnun?“, *Lesbók Morgunblaðsins* 7. nóvember 1992, bls. 4–5, hér 5.

¹⁷⁰ Sama rit, s.st.

¹⁷¹ Jakob Ág. Hjálmarsson, „Nauðsynlegt að efla sjálfstæði kirkjunnar“, *Morgunblaðið* 29. ágúst 1986, bls. 12–13, hér 12. Ráðstefnan sem um ræðir fór fram í Slagelse í Danmörku í nóvember 1985 undir yfirskriftinni „Folkkyrkorna í Norden“. Sjá *Folkkyrkorne i Norden*, Nordisk ekumenisk skriftserie 13, ritstj. Kjell Ove Nilsson, Sigtuna: Nordiska ekumeniska institutet, [1986].

¹⁷² Jakob Ág. Hjálmarsson, „Nauðsynlegt að efla sjálfstæði kirkjunnar“, bls. 13.

að standa jöfn að lögum þótt þau væru misfjölmenn.¹⁷³ Röksemdafærsla Jakobs Ágústss byggðist því á samkirkjulegum en jafnframt sögu- og félagsfræðilegum rökum.

Eins og fram er komið taldi Hannes Hólmsteinn Gissurarson að í stað þings-ályktunar um endurskoðun á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar hefði átt að álykta um aðskilnað ríkis og kirkju á háttíðarfundi Alþingis í tilefni af 50 ára lýðveldi 1994.¹⁷⁴ Auk þeirrar röksemdar að óeðlilegt væri að trúarsöfnuðum í landinu væri mismunað, færði hann þau rök fyrir aðskilnaði að líf og starf kirkjunnar mundi eflast við slíka breytingu.¹⁷⁵ Benti hann á að frjálsir söfnuðir væru miklu „fjörugri“ og trúarlíf innan vébanda þeirra mun innilegra og heitara en í „opinberum söfnuðum“. Sem viðbótarrök benti hann á niðurstöður úr skoðanakönnunum Gallups, sem og væntanlegan aðskilnað í Svíþjóð.¹⁷⁶ Varðandi hina praktísku hlið aðskilnaðar benti Hannes á að prestar ættu ekki að vera opinberir starfsmenn heldur sinna köllun sinni í samvinnu við safnaðarfólk án atbeina hins opinbera. Þá ætti að afhenda einstökum söfnuðum allar eignir núverandi þjóðkirkju, þar á meðal jarðeignir, í hlutfalli við félagatölu þeirra.¹⁷⁷ Hugmyndir hans í þessu efni virðast því hafa ráðist af kongregatíonalískum sjónarmiðum en samkvæmt þeim er lítið á hvern og einn söfnuð sem óháða félagslega einingu. Hannes gerði þó aðeins ráð fyrir að evangelísk-lútherskir söfnuðir nytu eignanna. Að því leyti mælti hann ekki fyrir fullum jöfnuði trúfélaga, sem þó var helsta stefnumið hans með aðskilnaði. Hann hefur þá væntanlega talið ríkisvaldið bundið af eignarrétti lúthersku þjóðkirkjunnar á jörðunum. Greindi hann þar með á við þá er töldu eignarhaldið á þeim hafa horfið til ríkisins við siðaskiptin.

Á því skeiði aðskilnaðarumræðunnar sem fjallað er um í þessari grein verður þess ekki vart að fulltrúar frjálsra trúfélaga utan evangelísk-lúthersku kirkjunnar beittu sér sérstaklega fyrir aðskilnaði ríkis og þjóðkirkju. Þetta var breyting frá fyrra skeiði hennar er ritstjórn *Frækorna*, mál gagns adventista, beitti sér markvisst fyrir aðskilnaði og þá ekki síst á grundvelli mannréttindasjónarmiða.¹⁷⁸ Í „úttektinni“ sem Sæmundur Guðvinsson gerði á afstöðu nokkurra aðila til málsins í *Alþýðublaðinu* 1994 (sjá framfar) tók t.a.m. Hafliði Kristinsson (f. 1956), þáverandi forstöðumaður Hvítasunnusafnaðarins í Reykjavík, fram að Hvítasunnuhreyfingin ætti gott samstarf við þjóðkirkjuna og félagar í Hvítasunnukirkjunni væru engir sérstakir talsmenn aðskilnaðar.¹⁷⁹ Á hinn bóginn áleit Hafliði að þjóðkirkjan hefði gott af því að vera „frjáls og sjálfstæð“, m.a. mundi hún þar með hafa meira svigrúm í boðun trúarinnar.¹⁸⁰

¹⁷³ Sama rit, bls. 13, sjá og 12.

¹⁷⁴ Hannes Hólmsteinn Gissurarson, „Kjallarinn: Hvað hefði átt að ræða á Þingvöllum?“, bls. 13.

¹⁷⁵ Sama rit, s.st.

¹⁷⁶ Sama rit, s.st.

¹⁷⁷ Sama rit, s.st.

¹⁷⁸ Hjalti Hugason, „Aðskilnaður ríkis og kirkju: Upphaf almennrar umræðu 1878–1915 — Síðari grein“, bls. 36–37.

¹⁷⁹ Sæmundur Guðvinsson, „Úttekt: Lifandi trúfélög eða dollaratrú öfgahópa?“, bls. 7.

¹⁸⁰ Sama rit, s.st.

Ályktanir

Umræða um aðskilnað ríkis og þjóðkirkju hér á landi hófst skömmu fyrir 1880 eins og rakið hefur verið á fyrri stigum þeirrar rannsóknar sem þessi grein er hluti af. Á fyrsta skeiði umræðunnar, eða til 1915, var hún bæði lífleg og markviss. Ýmsir þræðir hennar voru spunnir í fjölda blaða og tímarita hér á landi og jafnvel vestanhafs uns fram komu mörkuð sjónarmið og baráttumál, auk þess sem afmörkuð „praktísk“ mál sem tengdust aðskilnaði voru rædd í þaula. Má þar nefna fjárhagslegan aðskilnað, einkum hvað verða ætti um fornar kirknaeignir, sem og verkaskiptingu ríkis og kirkju eftir aðskilnað. Var þar um mikilvægt mál að ræða framan af tímabilinu og þá ekki síst fyrir 1907 er málefni almenningsfræðslunnar voru greind frá kirkjumálunum.

Mikil straumhvörf urðu í umræðunni með stjórnarskrárbreytingu 1915. Um það leyti dró kraft úr henni. Hún eða einstakir þræðir hennar spunnust ekki lengur í meiri eða minni samfellu heldur skaut henni oftast upp í einstökum greinum eða fréttum og var hún því ekki eins markviss og áður. Oft leið líka langt milli skrifa um málefnið. Ýmist var tjáð jákvæð eða neikvæð afstaða til aðskilnaðar og hún studd ólíkum og mistraustum rökum. Vissulega var stundum vikið að afmörkuðum úrlausnarefnum sem tengdust aðskilnaði þótt sjaldnast væru þau rædd til hlítar, ólíkt því sem verið hafði fyrir 1915. Hvörfin sem urðu þá í framvindu umræðunnar benda því til að með stjórnarskrárbreytingunum hafi fyrst um sinn verið komið nægilega til móts við baráttumál þeirra sem fylgdu aðskilnaðarleiðinni eins og þau voru á öðrum áratug 20. aldar en þau voru einkum tvö: Að losa um þjóðkirkju-ákvæðið í stjórnarskránni og að styrkja trúfrelsið í landinu með því að enginn bæri beinan kostnað af trúariðkun sem hann eða hún aðhylltist ekki.

Þegar á fyrsta skeiði umræðunnar (1878–1915) komu fram tvær meginstefnur. Önnur var aðskilnaðarleiðin en þeir sem fylgdu henni litu svo á að trúfrelsi og trúarlegur jöfnuður næðist ekki nema með aðskilnaði ríkis og kirkju. Ef þeir á annað borð tjáðu sig um hagsmuni þjóðkirkjunnar hölluðust þeir oftast að því að hún mundi ekki öðlast nauðsynlegt frelsi og sjálfstæði gagnvart veraldlegu, trúarlega hlutlausu og óháðu ríkisvaldi, sem þar að auki væri e.t.v. áhugalaust um trú- og kirkjumál, nema með aðskilnaði. Hin stefnan var löggjafarleiðin sem fól í sér að stefnumið stjórnarskrárinnar í trúarpólitík, þjóðkirkjuskipan og trúfrelsi væru þrátt fyrir allt samræmanleg og þeim væri unnt að ná með sérlögum sem annars vegar kvæðu á um stöðu, skipulag, stjórn og starfhætti þjóðkirkjunnar en hins vegar um rétt utanþjóðkirkjufólks og trúfélaga þess. Þessar átakalínur héldust út það tímabil sem hér er til athugunar en það spannar tímenn frá 1915 til um 1995 og hér hefur verið kallað „stutt tuttugasta öld“. Á tímabilinu var aðskilnaður ríkis og kirkju töluvert til umræðu á almennum vettvangi. Því má líta svo á að alla „stuttu tuttugustu öldina“ hafi aðskilnaðarmálið verið óútkljáð deilu- eða þrætumál meðal þjóðarinnar. Ekki verður þó sagt að það hafi verið heitt átakamál.

Á því áttatíu ára tímabili sem hér er fengist við fjallaði aðskilnaðarumræðan sjaldnast aðeins um tengsl ríkis og kirkju í þröngum skilningi heldur hverfðist hún frekar um allan trúmálabálk stjórnarskrárinnar (62.–64. gr.) sem fjallar um þjóðkirkjuskipanina og trúfrelsið. Snerist umræðan oftast en ekki um hvort þessi tvö

trúarpólítísku stefnumið væru raunverulega samræmanleg eða hvort þjóðkirkju-ákvæðið, sem áskildi evangelísk-lúthersku þjóðkirkjunni sérstakan stuðning og vernd ríkisvaldsins umfram aðrar kirkjur og trúfélög, gerði trúfrelsisgreinarnar tvær merkingarlausar í framkvæmd.

Í þessari grein hefur einkum verið leitast við að greina rök sem færð voru fyrir aðskilnaði. Í næsta hefti þessarar ritraðar verður aftur á móti gerð svipuð grein fyrir rökum sem færð voru gegn honum. Svo virðist sem fjölbreyttari rök hafi verið færð með aðskilnaði en á móti honum. Stafar það ekki síst af því að aðskilnaður átti fylgi að fagna bæði meðal þeirra sem voru gagnrýnir í garð kirkjunnar og hinna sem voru henni hlynntir eða beinlínis fylgjandi. Sjaldgæfara var að þeir sem voru andstæðir kirkjunni mæltu móti aðskilnaði þótt ekki væri það alveg dæmalaust.

Kirkjulegu, guðfræðilegu eða trúarlegu rökin sem færð voru fyrir aðskilnaði voru af ýmsum toga. Framan af var bent á að með tilkomu frjálsslyndu guðfræðinnar og fylgispekt bæði þjóðkirkjuforustunnar og guðfræðideildar Háskólans við hana væri kominn fram klofningur í þjóðkirkjunni þar sem tækjust á tvær algerlega andstæðar fylkingar. Vissulega greindi menn á um hvort nýja guðfræðin mundi efla eða draga úr trúaráhuga meðal landsmanna. Fylgjendur hefðbundinnar túlkunar á lútherskum trúarkenningum litu aftur á móti svo á að þar sem þjóðkirkjan væri samkvæmt stjórnarskránni bundin við evangelísk-lútherskan játningargrundvöll ætti frjálsslynd guðfræði og fleiri nýjungar á trúarlega sviðinu, einkum guðspeki og spíritismi, ekki heima innan hennar. Ef stjórnvöld og forustumenn kirkjunnar brygðust ekki við klofningnum töldu þeir að best væri að skilja að ríki og kirkju sem fyrst þannig að hvor fylkingin gæti farið sína leið í framtíðinni. Þetta væri best að gera áður en frjálsslynda guðfræðin væri búin að ná enn frekari ítökum en þegar væri. Hinir íhaldssömu litu svo á að frjálsslyndi armurinn hlyti að fagna slíkri breytingu þar eð hann yrði þá laus undan öllum kreddum kirkjunnar og mundi öðlast fullt kenningar-frelsi sem þeir frjálsslyndu kölluðu mjög eftir. Síðar tók meira að bera á því sjónarmiði að tengsl ríkis og kirkju heftu frelsi þjóðkirkjunnar til boðunar og jafnvel einnig á sviði velferðarmála (*diakóníu*). Var þá gjarna litið til þess hlutverks kirkjunnar að vera gagnrýnið félagslegt afl sem jafnvel myndaði aðhald gagnvart stjórnvöldum. Áframhaldandi nán tengsl þjóðkirkjunnar við ríkisvaldið voru talin draga bæði úr trúverðugleika og slagkrafti kirkjunnar í því efni. Þá voru færð samkirkjuleg rök með aðskilnaði. Þau fólust í að þjóðkirkjan yrði að hafa nægilegt svigrúm til að sýna öll „kennimörk“ kristinnar kirkju og verða þar með trúfélag meðal trúfélaga sem hún gæti illa í nánnum tengslum við ríkið. Þá væri eðlilegt að trúfélögin í landinu störfuðu sem mest á jafnréttisgrundvelli þótt þau væru vissulega misfjölmenn.

Flestir sem mæltu fyrir aðskilnaði — og á annað borð viku að hagsmunum kirkjunnar — litu svo á að aðskilnaður frá ríkisvaldinu mundi kalla fram hreinni og öflugri kirkju sem jafnframt væri laus undan því að hafa innan sinna vébanda stóran hóp áhugalítilla eða áhugalausra félaga en það væri kirkjunni til vansa. Litu þeir svo á að aukinn sjálfsákvörðunarréttur einstaklinga í trúarefnum, sem og full ábyrgð þeirra á rekstri og stjórn eigin trúfélags, væri virkasta leiðin til að efla og styrkja trúarlífið í landinu. Sumir litu vissulega svo á að í kjölfar aðskilnaðar kynni að koma upplausnarskeið er margir sneru baki við kirkjunni. Það mundi þó fljótt ganga yfir. Stundum kann málflutningur af þessu tagi að hafa verið „retórísk“ skynrök til að vinna fólk til fylgis við aðskilnað. Sú var þó vissulega ekki alltaf raunin.

Margir urðu til að mæla fyrir aðskilnaði á grundvelli mannréttindaraka líkt og á fyrsta skeiði aðskilnaðarumræðunnar. Þeir sem lengst gengu í þá átt litu svo á að þjóðkirkjufyrirkomulagið sem slíkt gerði stjórnarskrárvarið trúfrelsi landsmanna í raun að engu. Bentu þeir á að þrátt fyrir að enginn væri vissulega skyldugur til að tilheyra þjóðkirkjunni, og allir gætu „seremóníulítið“ gengið úr henni, væru börn eigi að síður skráð sjálfkrafa í þjóðkirkjuna þegar við fæðingu, væri móðirin í henni, og síðan aðeins uppfrædd um evangelísk-lútherska trúartúlkun í skólum landsins. Þetta töldu margir skapa þjóðkirkjunni mikið og óeðlilegt forskot til að hafa áhrif á þjóðina umfram öll önnur trúfélög og pólitíska flokka. Dæmi voru um að menn mæltu með aðskilnaði einmitt af þessari ástæðu. Þá var bent á að þjóðkirkjan nyti margháttaðs beins og óbeins stuðnings af hálfu ríkisvaldsins sem léti háar fjárhæðir af hendi rakna af almennu skattfé starfi hennar til eflingar. Þannig tækju allir landsmenn óbeinan þátt í að kosta starf hennar, óháð kirkjuaðild, guðfræðiskodunum og trúaráhuga. Allt var þetta talið leiða til augljósrar mismununar milli þjóðkirkjunnar og annarra trúfélaga, sem og mismununar gagnvart þeim er stæðu utan allra trúfélaga.

Með stjórnarskrárbreytingunum 1915 hafði það áunnist að fólk var ekki lengur skylt til að greiða bein, persónuleg gjöld til trúfélags sem það tilheyrði ekki. Þar með varð allt utanþjóðkirkjufólk gjaldfrjálst gagnvart henni. Sú breyting batt þó ekki enda á þennan þátt aðskilnaðarumræðunnar heldur myndaðist ný áttakálina sem fól í sér að enginn ætti heldur að vera skyldur til að taka óbeint þátt í að fjármagna trúarlega starfsemi sem hann eða hún samsamaði sig ekki með. Umræðan um réttmæti þess að reka þjóðkirkjuna að einhverju leyti af almannafé hélt því áfram alla „stuttu tuttugustu öldina“ ýmist á grundvelli mannréttindaraka eða á hreinum fjárhagslegum grunni. Í síðarnefnda samhenginu var því haldið fram að slíta ætti sambandi ríkis og kirkju af hreinum sparnaðarsjónarmiðum. Stundum var skoðunum af þessu tagi haldið fram á grundvelli augljósrar trúarbragða- eða kirkjugagnrýni. Oftar var þó bent á að hlutverkum þjóðkirkjunnar í samfélaginu hefði stórum fækkað frá því sem áður var. Það væri því ekki lengur ástæða til að styrkja starf hennar með almannafé.

Þeir sem mæltu með aðskilnaði á grundvelli „veraldlegra“ raka, þ.e. vegna mannréttindasjónarmiða en þó einkum af fjárhagsástæðum, vildu almennt að farin væri svipuð leið og í Frakklandi, þ.e. að trúmálin yrðu alfarið gerð að einkaréttarlegu málefni þar sem einstaklingnum væri búið sem mest frelsi á trúarlega sviðinu og öll tengsl milli þess og hins opinbera yrðu rofin. Þá álitu flestir eðlilegt að þetta yrði gert þannig að samband ríkis og kirkju yrði rofið með lögum sem næðu til allra safnaða landsins. Ennfremur töldu flestir að eftir aðskilnað tæki hér við „allsherjarfríkirkja“ sem næði til landsins alls. Flestir sem aðhylltust aðskilnað vegna mannréttindasjónarmiða eða af fjárhagsástæðum litu svo á eðlilegast væri að hver söfnuður um sig launaði prest sinn, ræki kirkju sína og stæði á annan hátt straum af kirkjustarfinu. Í umræðunni gætti því oft tilhneigingar til að ræða frekar um starf einstakra safnaða í framtíðinni en samfellda fríkirkju. Líklega stafaði það fremur af því að flestir hafi hugleitt þessi mál í þaula en að menn hafi aðhyllt „kongregatíonalískt“ fyrirkomulag, þ.e. að hér kæmu fram fjölmargir algerlega sjálfstæðir og óháðir söfnuðir.